



Samstöðufundur Lay Low var meðal þeirra sem fram komu á samstöðufundi sem blásið var til á Austurvelli í gær til stuðnings albönsku drengjunum Kevi og Arjan. Þeim var vísað úr landi með fleiri Albönum þrátt fyrir að glíma við langvarandi og alvarleg veikindi. Áréttað var á fundinum að hér ættu stjórnvöld að ganga þannig fram að hagur barna ráði för. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Treysta ekki stjórninni til að einkavæða banka

Háskólamenntaðir og höfuðborgarbúar treysta ríkisstjórnarflokkunum síst.

ALÞINGI Aðeins fimmti hver Íslendingur treystir núverandi stjórnvöldum til að halda utan um sölu á hlut ríkisins í íslenskum bönkum.

Þetta kemur fram í könnun Gallup fyrir þingflokk Pírata. Spurt var: „Hversu vel eða illa treystir þú núverandi ríkisstjórn til að sjá um sölu á hlut ríkisins í bönkum?“ 21,5 prósent treysta ríkisstjórnarflokkunum vel til þess. 61,4 prósent treysta ríkisstjórn illa og 17,2 prósent svara hvorki né. Minnst er traustið hjá háskólamenntuðum, hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins og aldurshópnum 25 til 34 ára.

Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir ríkisstjórnarflokkana glíma við gamlan draug þegar kemur að einkavæðingu bankanna. „Þessi niðurstaða sýnir að ríkisstjórnarflokkarnir njóta lágmarkstrausts til að standa að einkavæðingu bankanna. Það traust er

Hversu vel eða illa treystir þú núverandi ríkisstjórn til að sjá um sölu á hlut ríkisins í bönkum?

Illa
61,1%

Vel
21,1%

Hvorki né
17,2%

talsvert minna en samanlagt fylgi þeirra nú. Það segir sína sögu,” segir Grétar Þór.

Gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi næsta árs að þriðjungshluttur ríkisins í Landsbankanum verði seldur. Kemur þar fram að ríkið ætli sér að fá rúmlega 70 milljarða fyrir þann eignarhlut. Þann 19. nóvember síðastliðinn var haldin sérstök umræða á Alþingi um einkavæðingu ríkisins í íslenskum bönkum.

Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata, segir þessar niðurstöður lítið koma á óvart. „Það fór svo mikið úrskeiðis síðast að landsmenn treysta þeim ekki enn fyrir svo stóru verki sem einkavæðingin er.“

Könnunin var framkvæmd af Gallup fyrir þingflokk Pírata, dagana 3. til 14. desember. 1.433 voru í úrtaki Gallup, 881 svaraði könnuninni eða 61,5 prósent. – sa

Talið að Bieber staldri við

LÍFIÐ Miklar líkur eru á því að stórstjarnan Justin Bieber muni dvelja nokkuð lengi hér á landi, í kringum fyrirhugaða tónleika hans 9. september á næsta ári. Þegar dagsetningar á tónleikaferðalagi hans eru skoðaðar kemur í ljós að langur tími liður frá tónleikum hans í Kórnum og þeirra næstu á eftir, sem verða í Berlín.



Eftir þá tónleika tekur við tæplega tveggja mánaða keyrsla á milli evrópskra borga, þar sem sjaldan liða meira en tveir dagar á milli tónleika. Tónleikarnir verða í Kórnum 9. september á næsta ári og er staðurinn bókaður lengur en þegar Justin Timberlake kom hingað til lands í fyrra. – kak / sjá síðu 48



Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Bankamaðurinn **Lars Seier Christensen** hyggst söðla um og fjárfesta í nýsköpun. Segir jákvæð teikn á Íslandi en telur vandanum hafa verið frestað í Evrópu.



SKOÐUN Bjarni Már Magnússon um brottvísun veikra barna. **20-22**

SPORT Arnór Þór Gunnarsson vonast til að ná EM. **26**

MENNING Segir sögu Matthíasar Bergssonar. **34-38**

LÍFIÐ Slæður úr banönum. **42-48**

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

8

DAGAR TIL JÓLA

OPIÐ TIL
22
KVÖLD

Kringlan

KÆRLEIKSKÚLAN



LANDSLAG


Ragna Rókvistsdóttir

Í ÞÁGU
FATLAÐRA BARNA
OG UNGMENNA

Sölutímabil
5. – 19. desember

STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA

Veður



Fremur hæg austlæg átt í dag, skýjað og úrkomulítið víðast hvar á landinu, en lengst af bjart norðanlands. Snýst í vaxandi norðaustanátt í kvöld með eljum um nóttina. Hiti um og yfir frostmarki, en yfirleitt frost norðaustanlands. **SJÁ SIÐU 30**

Staðfestu nauðasamning Kaupþings

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest nauðasamning Kaupþings. Kröfuhafar bankans höfðu fyrir sitt leyti samþykkt nauðasamninginn þann 24. nóvember.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður samþykkt nauðasamninga Glitnis, en þeir samningur biðaði enn samþykkis frá dómstól í New York.

Reiknað er með því að nauðasamningur Landsbankans verði staðfestur í Héraðsdómi Reykjavíkur innan fárra daga. Óðum styttist því í að slitameðferð gömlu bankanna þriggja ljúki með uppgjöri við kröfuhafa, rúmlega sjö árum eftir hrun.

Slitastjórnir bankanna hafa þó frest til 15. mars til að ljúka þessu ferli og greiða stöðugleikaframlag í ríkissjóð. **–gb**

» Óðum styttist því í að slitameðferð gömlu bankanna þriggja ljúki með uppgjöri við kröfuhafa, rúmlega sjö árum eftir hrun.

Draumur um olíuvinnslu úti

GRÆNLAND Grænlandingar hafa nú endanlega gefið upp á bátinn áætlanir um olíuvinnslu.



Kim Kielsen, formaður grænlandsku landsstjórnarinnar, segir olíuvinnslu ekki borga sig. Nú sé tunnan af olíu seld undir 25 dollurum í Kanada. Áætlað framleiðsluverð á tunnu af olíu við Grænland er 50 dollarar.

Bandarískir sérfræðingar hafa reiknað út að á landgrunninu við Grænland sé að finna að minnsta kosti rúma 30 milljarða tunna af olíu. **– ibs**

Skák í Salaskóla



Veitti hundrað skákbörðum viðtöku Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, tók í gær á móti hundrað skákbörðum sem verktakafyrirtækið MótX gaf grunnskólum bæjarins. Þessir ungu nemendur Salaskóla voru ánægðir með gjöfina. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Frakkar lækka túrskattinn

FRAKKLAND Franska þingið hefur samþykkt að lækka svokallaðan „túrskatt“, virðisaukaskatt á hreinlætisvörum fyrir konur, úr 20 prósentum niður í 5,5 prósent eftir aðra umferð málsins á þingi. Tillögunni var hafnað fyrr á árinu.

Á Íslandi lögðu nýverið átta þingmenn stjórnarandstöðunnar, allt karlar, fram frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatti þar sem lagt er til að skattur á dömubindi og túrtappa fari úr 24 prósentum í 11 prósent. Í kjölfarið lagði meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar svo til í nefndaráliti við fjárlög næsta árs að tollar á þessar vörur yrðu felldar niður. Gagnrýni á skattlagninguna ætti rétt á sér. **– sg**

Hópur áhugafólks vill sjá sýningu í Perlunni

Hlutfélagið Perluvinir vill koma á fót náttúrusýningu í Perlunni. Auglýst er eftir fleiri hluthöfum til að fjármagna undirbúninginn. Viðræður Reykjavíkurborgar og Náttúruminjasafns Íslands um sýningu í Perlunni hafa siglt í strand.

NÁTTÚRA Búið er að stofna hlutfélag, Perluvinir ehf., sem hefur það að markmiði að koma á fót náttúrusýningu í Perlunni. Að félaginu stendur hópur áhugafólks um að koma upp slíkrri sýningu að sögn Helgu Viðarsdóttur, framkvæmdastjóra félagsins.

Viðræður Reykjavíkurborgar og Náttúruminjasafns Íslands sem stóðu síðustu tvö ár um að koma á fót slíkrri sýningu hafa siglt í strand. Í nóvember samþykkti borgarráð að Reykjavíkurborg, í samstarfi við Hið íslenska náttúrufræðifélag, auglýsti eftir nýjum aðilum til að koma á slíkrri sýningu. Helga segir að félagið muni óska eftir að fá að taka þátt í þeirri uppbyggingu þegar Reykjavíkurborg auglýsi það formlega.

Perluvinir eru orðnir 67 og hafa lagt 4,4 milljónir króna í hlutfélagið félagsins. Helga segir að áhugasamir geti komið að verkefninu en félagið hefur sett sér það markmið að safna tíu milljónum króna til að standa straum af frumhönnun á náttúrusýningu í Perlunni og gerð viðskiptaáætlunar. „Við erum öllum opin og hvetjum fólk til að gerast meðlimir í félaginu.“ Hver hlutur kostar 25 þúsund krónur.

Helga segir hugmyndina um náttúrusafn í Öskjuhlíð nær aldargamla. Jóhannes Kjarval hafi talað fyrir þessum möguleika í bók sinni Grjót sem kom út árið 1930. „Hann hafði hugmyndir um að byggja musterir í Öskjuhlíðinni sem tengdi manninn og náttúruna.“



Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri Perluvina, segir Jóhannes Kjarval hafa viðræður um náttúrusafn í Öskjuhlíð árið 1930. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Það verður reynt að höfða til sem flestra, bæði erlendra og innlendra gesta, þannig að sem flestir fái að tengjast og upplifa íslenska náttúru.

Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri Perluvina

Hún segir ekki liggja fyrir á þessu stigi hvernig sýningin yrði uppbyggð. „Það verður reynt að höfða til sem flestra, bæði erlendra og innlendra gesta, þannig að sem flestir fái að tengjast og upplifa íslenska náttúru. Draumurinn er að Öskjuhlíðin öll verði að náttúruparadís sem hún getur svo hæglega orðið,“ segir Helga.

Ljóst sé að fjöldi sérfræðinga þurfi að koma að hönnun slíkrar sýningar. „Við viljum gæta gæða í framsetningu og fræðilegum grunni á svona sýningu.“ **ingvar@frettabladid.is**

Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Leitið lækni leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.

Pevaryl 150 mg skeiðarstill, Pevaryl Depot 150 mg skeiðarstill og Pevaryl 1% krem (í samsettum pakkningum) (innihalda econazolnítat) eru breiðlyf sveppalyf við sveppasýkingum í leggöngum (leggangabólga og skapabólga af völdum gersveppa).
Skammtar: Einn skeiðarstill hátt í leggöng að kvöldi fyrir svefn, 3 daga í röð (Pevaryl skeiðarstill) eða einu sinni (Pevaryl Depot skeiðarstill). Krem: Berst á svæðið í kröngum leggangaop og endabarmsop 2-3 á dag. Meðferð á að vara í 3 daga eftir að óþægindi eru horfin. Meðhöndlun mæki: Hvíð reður og forliúð og þerri kremið á trýsvar á dag þar til óþægindi hverfa og í 3 daga eftir það. **Frábendingar:** Ófnæmi fyrir virka efni eða einhverju hjálparefna. **Varnaðarorð:** Pevaryl og Pevaryl Depot má ekki nota samhliða annarri meðferð í eða á kynfærum. Ef fram koma merki um ertingu eða ónæmi skal hætt meðferð. Pevaryl krem inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúðir og búblýðingunni sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (sneritexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. Pevaryl skeiðarstill innihalda efni í olíugrunni sem getur haft áhrif á og dregið úr öryggi latexvetja. Ekki skal nota lyfin samtímis slíkum verjum. Þeir sem nota sæðisþrepanði lyf skulu ráðfæra sig við lækni, þar sem staðbundin meðferð í leggöngum getur gert sæðisþrepanði lyf óvirk. **Meðganga / brjóstgjöf:** Pevaryl má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknsráði. Nota má Pevaryl á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu ef hugsanlegur ávinningur fyrir móður vegur þyngra en möguleg hættu fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort econazolnítat berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.



GEYSIR

Kostnaður við skimun á ristilkrabbameini 136 milljónir á ári

HEILBRIGÐISMÁL Hópskimun á ristilkrabbameini er sögð skila árangri, hún auki líkur á snemmgreiningu sjúkdómsins og þar með hækki hlutfall þeirra sem greinast á læknanlegu stigi. Í fyrstu er skimun sögð kostnaðarsöm en skila sparnaði þegar tilfellum sjúkdómsins fari að fækka.

Þetta kemur fram í skýrslum Krabbameinsfélags Íslands sem sendar voru til heilbrigðisráðherra. Ráðherra óskaði eftir skýrslunum



Bleika slaufan safnaði fyrir hópleit í síðustu söfnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

eftir áskorun Krabbameinsfélagsins um að hefja skipulega leit að ristilkrabbameini.

Í faglegu mati kemur fram að kostnaður við skimun sé að fullu réttlætanagerlegt miðað við ávinningi í sparnaði annars staðar, aukna lifun og bætt lífsgæði.

Niðurstöður kostnaðargreiningar benda til að kostnaður við hópleit sé 136 milljónir króna á ári. Þar af eru áætlaðar 23 milljónir í kostnað vegna aukinnar meðferðar þar

sem vænta má fjölgunar á greiningu krabbameins á fyrri stigum. Af þessari upphæð falla 124 milljónir á ríkið en afgangurinn á sjúklinga og vinnuveitendur.

Árið 2007 var áætlað að hefja skipulagða leit að krabbameini í ristli og endaparmi. Formleg leit komst hins vegar ekki í framkvæmd vegna skorts á fjármagni í kjölfar bankahrunsins. Nú er krabbameinsleitin aftur komin á borð heilbrigðisráðherra. – ebg

Ristil- og endaparmskrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið á heimsvísu.

74 karlar og 60 konur greindust að meðaltali á ári 2006-2010

70 ár er meðalaldur

1 deyr á viku

Í hringtengingu ljósleiðara glittir á Vestfjörðum

FJARSKIPTI Seinni verkhluti ljósleiðarahringtengingar á Vestfjörðum mun brátt hefjast en útboð verksins hefur verið auglýst á vef Ríkiskaupa. Stefnt er að verklokum á þessu ári, en tilboð verða opnuð í lokjanúar.

Að verkinu loknu verða Vestfirðir hringtengdir með ljósleiðara sem gerir núverandi afkastaminni og óreiðanlegri varasambönd óþörf. Þannig eykst til muna áreiðanleiki fjarskipta á öllu landsvæðinu, segir í frétt innanríkisráðuneytisins.

Verkhlutinn snýst um að leggja ljósleiðarastreng milli fjarskiptahúss við Nauteyri og Reykjaness í Ísafjarðardjúpi sem innifelur þverun Ísafjarðar með sæstreng. Jafnframt verður lagður ljósleiðarastrengur milli Látra og símtöðvar á Súðavík sem innifelur þverun Skötufjarðar, Hestfjarðar og Álfafjarðar.

Fyrri verkhlutinn, sem er langt kominn, er lagning ljósleiðarastrengs milli Staðar í Hrútafirði og Hólmavíkur. Fyrir er ljósleiðarastrengur milli Búðardals og Súðavíkur um sunnan- og vestanverða Vestfirði. – shá

Ógilda stækkun á Grettisgötu

SKIPULAGSMÁL Leyfi sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík veitti fyrir hækkingu húss og viðbyggingu á Grettisgötu 41 hefur verið felld úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Framkvæmdirnar, sem voru heimilaðar í sumar, mættu mikilli andstöðu íbúa á Grettisgötu og bárust kærur úr tólf húsum. Úrskurðarnefndin vísaði reyndar níu þeirra frá þar sem viðkomandi töldust ekki eiga hagsmuni í málinu. Niðurstaðan er engu að síður sú að nýtingarhlutfall lóðarinnar færi með breytingunni upp í 0,78 og þar með út fyrir ramma deiliskipulags sem gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfallið sé 0,65 að hámarki. – gar

Hélt í sáttaleiðangur til Moskvu

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, reynir að jafna ágreining við rússneska ráðamenn um borgarastriðið í Sýrlandi. Sáði-Arabía boðar nýtt hernaðarbandalag gegn Íslamska ríkinu. Bandaríkjamenn fagna.

RÚSSLAND John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sat í gær á fundum í Moskvu með Vladímír Pútín forseta og Sergei Lavrov utanríkisráðherra, í von um að geta jafnað ágreining ríkjanna um borgarastyrjöldina í Sýrlandi.

„Ég vona að við getum fundið einhvern sameiginlegan grundvöll,“ sagði Kerry við blaðamenn. „Jafnvel þótt við höfum verið ósammála um sumt þá höfum við getað unnið að ákveðnum málum með góðum árangri.“

Bandaríkin hafa í meira en ár varpað sprengjum í gríð og erg á bækistöðvar Daish-samtakanna í Sýrlandi.

Í september hófu Rússar svo að varpa sprengjum á uppreisnarmenn í Sýrlandi, þar á meðal liðsmenn Daish-samtakanna. Yfirlýst markmið Rússa hefur verið að styrkja stöðu Bashar al Assads forseta, en Bandaríkin og Vesturlönd almennt telja ekki koma til greina að styðja hann með neinum hætti.

Frakkar tóku svo að varpa sprengjum á Daish-samtökin eftir vöðaverkin í París í nóvember. Bretar og fleiri vestrænar þjóðir hafa einnig ákveðið að vera með í þessum hernaði.

Jórdanía og fleiri ríki í Mið-Austurlöndum hafa einnig gert sprengjuárásir á Íslamska ríkið.

Alþjóðleg mannréttindasamtök hafa ítrekað sagt að allar þessar sprengjur hafi kostað fjölda almennra borgara lífið. Þá skýrði Sáði-Arabía í gær frá því að 34 ríki verði meðlimir í nýju hernaðarbandalagi, sem beint verður gegn Íslamska ríkinu, eða Daish-samtökunum eins og þau nefnast ef notast er við arabísku skammstöfunina.

Mohammed bin Salman, varnarmálaráðherra Sáði-Arabíu og varakrónprins landsins, segir Íslamska ríkið vera sjúkdóm sem hinn ísl-



John Kerry leggur við eyrun á fundi með starfsbróður sínum, Sergei Lavrov, í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aðildarríki nýja bandalagsins gegn Daish

Barein, Banglades, Benin, Djibúti, Filabeinsströndin, Gabon, Gínea, Palestína, Jemen, Jórdanía, Katar, Komoros-eyjar, Kúveit, Líbanon, Líbía, Maldiv-eyjar, Malí, Malasía, Egyptaland, Marokkó, Míritanía, Níger, Nígíría, Pakistan, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Sáði-Arabía, Senegal, Sierra Leóne, Sómalía, Súdan, Tógó, Tsjad, Tyrkland og Túnis.

amski heimur verði að berjast gegn.

Flest eru þetta ríki, þar sem múslimar eru í miklum meirihluta íbúa. Þar á meðal má nefna Egyptaland, Tyrkland, Jórdaníu og Pakistan, en hvorki Íran né Indónesía eru þó með í þessu nýja bandalagi.

Bandaríkjamenn fögnuðu í gær framtaki Sáði-Arabíu: „Almennt séð

virðist þetta í meginatriðum í samræmi við það sem við höfum verið að hvetja til um nokkra hríð, sem er að lönd súnni-múslima taki meiri þátt í baráttunni gegn Íslamska ríkinu,“ sagði Ashton Carter, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sem í gær var staddur í Tyrklandi.

gudsteinn@frettabladid.is

Almennt séð virðist þetta í meginatriðum í samræmi við það sem við höfum verið að hvetja til um nokkra hríð, sem er að lönd súnni-múslima taki meiri þátt í baráttunni gegn Íslamska ríkinu.



Ashton Carter varnarmálaráðherra Bandaríkjanna

Þúsund skólum lokað vegna hótunar

BANDARÍKIN Hótun um sprengjuárás í skólum í Los Angeles reyndist þegar til kom vera blekking. Borgaryfirvöld sögðu það engu að síður hafa verið rétt að grípa til víðtækra ráðstafana.

Alls voru um það bil þúsund skólur í Los Angeles lokaðir í gær vegna hótunarinnar.

„Bráðabirgðaniðurstaðan er sú að þetta hafi verið blekkingarleikur eða eitthvað sem ætlað hafi verið til þess að trufla skólastarf í stórum borgum,“ segir í yfirlýsingu frá Adam Schiff, þingmanni í leyniþjónustunefnd Bandaríkjaþings.

Borgaryfirvöldum í New York barst sams konar hótun, en þau ákváðu samt að grípa ekki til þess ráðs að loka skólum.

Bill de Blasio, borgarstjóri í New York, sagði fjölmiðlum í gærmorgun að engin hætta væri á ferðum.

Yfirmaður í lögreglunni í Los Angeles upplýsti að hótunin hefði borist með tölvupósti. Ekki var þó gefið upp nákvæmlega í hverju hótunin var fölginn. – gb



Skólavagnar í Los Angeles voru óhreyfðir í gær vegna óljósrar hótunar, sem tekin var alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

SÉRTILBOÐ

Frá kr. **74.900**

Kanarí

Los Tilos

Netverð á mann frá kr. 74.900 m.v. 3 fullorðna í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. janúar í 9 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferrid.is

Heimsferrid

Tímalaus hönnun á jólatilboði

Eames DSR

10.000 kr. afsláttur!

Tilboðsverð 34.400 kr.

verð áður 44.400 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



vitra.



Eames DSW

Tilboðsverð 49.900 kr.

verð áður 61.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAW

Tilboðsverð 64.900 kr.

verð áður 79.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames RAR

Tilboðsverð 64.900 kr.

verð áður 79.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAR

Tilboðsverð 46.900 kr.

verð áður 54.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950

Forstjóri vill í annað pósthúmer

SVEITARSTJÓRNIR Anna Ipsen, hjúkrunarforstjóri HSU í Laugarási, segir pósthúmer í héraðinu vera „ómöguleg“ og vill að Bláskógabyggð verði öll í pósthúmerinu Laugarvatn 840 í stað þess að vera í 801.

Þetta kemur fram í bréfi Önnu til sveitarstjóra Bláskógabyggðar þar sem hún kveðst einnig ætla að leggja til við Grímsnes- og Grafningshrepp að að sveitarfélagið verði í pósthúmerinu 840 Laugarvatn.

Þá vilji hún að Skeiða- og Gnúpsverjahreppur sækir um að vera í pósthúmerinu 845 Flúðir.

„Þeir sem skráðir eru í 801 eru skráðir í heilsugæslunni á Selfossi og mikil handavinna að laga það,“ er meðal óþæginda sem hjúkrunarforstjórinn nefnir af núverandi pósthúmerakerfi þar sem 801 nær frá Selvogi og upp alla Árnessýslu. – gar



Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, og Pétur Orri Sæmundsen, stjórnarformaður Kolibri, handsala samkomulagið. MYND/LANDSNET

Þróa hugbúnað fyrir raforkusölu

ORKUMÁL Landsnet og hugbúnaðarfyrirtækið Kolibri gerðu í gær samkomulag um þróun nýs hugbúnaðar sem mun gera Landsneti kleift að selja umframraforku á raforkuneti sínu í rauntíma.

„Það er nauðsynlegt fyrir okkur að framleiðsla og notkun raforku sé í sem mestu jafnvægi því við getum ekki geymt raforku. Framboð og eftirspurn í raforkukerfinu er breytileg frá einni viku til annarrar og alltaf einhver frávik frá áætlunum,“ segir Íris Baldursdóttir, framkvæmdastjóri kerfisstjórnunar- og sviðs Landsnets.

Jafnframt segir hún svokölluðum reglunarafslmarkaði haldið úti þar sem framleiðendur og kaupendur geta lagt fram tilboð um að auka við sig eða draga úr framleiðslu. – þea

Voðaverkin eru enn að koma í ljós



Gráta tuttugu ára gömul afbrot Tárvtotar konur fylgjast með uppgreiftri úr fjöldagröf í Kozluk í Bosnía, skammt frá bænum Srebrenica þar sem um 8.000 manns voru myrtir árið 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Evrópusambandið hyggst stórefla landamæraeftirlit

EVROPUSAMBANDIÐ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í gær fram tillögu þess efnis að leggja niður Landamæraeftirlit Evrópu, oft kölluð FRONTEX, og koma þess í stað á fót nýrri stofnun, Evrópsku landamæra- og landhelgisgæslunni.

Í tillögunni kemur fram að fastir starfsmenn nýju gæslunnar skuli vera um þúsund talsins en fastir starfsmenn FRONTEX eru nú um 350.

Þá myndu einnig um 1.500 landamæraeftirlit aukalega vera til taks ef þess gerðist þörf.

Einnig myndi nýja gæslan vera frábrugðin FRONTEX að því leyti að landamæraeftirlit hennar hefðu rétt á að taka völdin á landamærum Evrópusambandsríkja án þess að þurfa leyfi viðkomandi ríkis hverju sinni.

Gífurlegur fjöldi flóttafólks, einkum frá Sílandi, hefur undanfarna mánuði flætt inn fyrir landamæri Evrópusambandsins. Hefur ástandið á ytri landamærum sambandsins valdið töluverðum titringi innan þess.

Þá urðu hryðjuverkaárásirnar á París til þess að ákveðið var að

Þetta verður öryggisnet sem, líkt og öll öryggisnet, við vonum að við komum aldrei til með að nota. En það er nauðsynlegt til að endurreisa trúverðuleika landamæraeftirlits okkar.

Frans Timmermans, varforseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins



herða landamæraeftirlit innan Schengen-samstarfsins.

Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar í gær er haft eftir varforseta framkvæmdastjórnarinnar, Frans Timmermans, að nýja gæslan myndi taka völdin á landamærum í undantekningartilvikum, þegar sambandsríki réðu ekki við stöðuna.

„Þetta verður öryggisnet sem, líkt og öll öryggisnet, við vonum að við kæmum aldrei til með að nota. En það er nauðsynlegt til að endurreisa trúverðuleika landamæraeftirlits okkar,“ segir Timmermans. – þea

Enn er hægt að koma í veg fyrir tjón

Tilkynningar til tryggingafélaga vegna tjóns í óveðrinu sem gekk yfir landið í byrjun síðustu viku eru komnar yfir þrjú hundruð. Kostnaður hleypur á tugum milljóna króna. Búist við því að fleiri tilkynningar berist þegar fram í sækir. Mikilvægt að búa sig undir hlánun.

ÓVEÐUR Tilkynningar sem borist hafa stóru tryggingafélagunum premur, VÍS, Sjóvá og Tryggingamiðstöðinni, vegna óveðursins á mánudagskvöld í síðustu viku eru farnar að nálgast 300. Flestar tilkynningarnar bárust VÍS. Allir búast við að talan eigi enn eftir að hækka.

Björn Friðrik Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi VÍS, segir að tilkynningar til þeirra séu farnar að nálgast 200. Um 170 tilkynningar eru vegna eignatjóns, en þar fyrir utan um 20 tilkynningar vegna tjóns á ökutækjum.

Hann segir að fólk sé seint að taka við sér og senda inn tilkynningar. Ástæðurnar séu margvíslegar. „Í sveitunum er þetta oft tjón á úti-húsum,“ segir Björn. Bændur byrja þá á því að dytta að sjálfir og skoði svo skemmdirnar betur síðar meir og sendi inn tilkynningar.

Sigurjón Andrússon hjá Sjóvá segir að tilkynningarnar berist

Það eru um 70 tjón sem hafa verið tilkynnt til okkar. [...] Þetta eru einhverjir tugir milljóna en ekkert mjög stórt,

Sigurjón Andrússon, markaðsstjóri á deild markaðsmála og forvarna hjá Sjóvá

smátt og smátt. „Það eru um 70 tjón sem hafa verið tilkynnt til okkar. Það er ekkert mjög stórt tjón sem hefur verið tilkynnt til okkar,“ segir Sigurjón. Þetta séu mest allt rúður og foktjón, þakkantar og fleira. „Þetta eru einhverjir tugir milljóna en ekkert mjög stórt,“ segir hann. Tjónið hafi verið mest á suðurströndinni.

Tryggingamiðstöðinni bárust svo á milli 50 og 60 tilkynningar, einnig mest á Suðurlandi og í Vest-

mannaeyjum. Matið núna bendi til þess að bótaskyld tjón nemi um 40 milljónum. „Það fór betur en á horfðist,“ segir Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir hjá TM. Hún tekur fram að flestar tilkynningar sem bárust hafi verið vegna lekamála. Það séu óbótaskyld tjón sem hafi orsakast af því að fólk hafði ekki hugað að því að opna fyrir niðurföll og moka af svölum, húspökum og öðru slíku. Mikilvægt sé að hafa þetta í huga núna þegar búist er við því að það hláni mikið á næstu dögum. Það sé enn hægt að koma í veg fyrir tjón. „Það er um að gera að hvetja fólk til þess að komast hjá því að lenda í því. Þetta voru flest málin sem tengdust óveðrinu síðast. Mál sem voru utan trygginga,“ segir hún. Hún segir að nákvæmara tjónamat eigi eftir að fara fram á stærri málum. En stærstu málin séu fok í Vestmannaeyjum þar sem þakið fór og svo sóluskáli sem eyðilagðist við Skógafoss. jonhakon@frettabladid.is



Óveðrið var verst á suðurströndinni og var mikið tjón við Seljalandsfoss, þar sem sóluskúr sprakk. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

KRÓNAN - fyrst og fremst ódýr!

Dúndurverð á kjúklingabringum

Gildir aðeins
í dag eða á meðan
birgðir endast



1399

kr.
pk.

Verð áður ~~1559~~ kr. pk.
Danskar kjúklingabringur, 900 g



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndabrengil

Heill grillaður
kjúklingur
og 2 lítrar af Coca-Cola*

Heitt
og klárt

1499

kr.
tvennan

*Þú velur Coca-Cola, Coca-Cola light
eða Coca-Cola zero



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Lestin skilar 13 milljörðum á fyrsta ári

Félagið sem nú leitar fjárfesta að hraðlest til Keflavíkurflugvallar áætlað að lestin rúlli af stað árið 2024 og skili 13,5 milljarða króna tekjum á fyrsta ári. Fargjöld verða 1.000 til 4.300 krónur með 3.100 króna meðalfargjaldi. Lestin annar 1.200 farþegum á klukkustund.

SAMGÖNGUR Fyrsta árið sem hraðlest gengi milli Keflavíkur og Reykjavíkur er gert ráð fyrir að seldir verði 4,5 milljónir farmiða, sem skilar 13,5 milljarða króna tekjum. Þetta kemur fram í nýrri, óbirtri skýrslu RRV Consulting um verkefnið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær vinnur Fluglestin þróunarfélag ehf. að því að ljúka samstarfssamningum við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu vegna nauðsynlegra skipulagsbreytinga og lóðamála varðandi hraðlestina sem ganga á milli Leifsstöðvar og Umferðarmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Í skýrslu RRV er farið yfir ýmsar áætlanir og tölulega þætti sem tengjast hraðlestinni. Efallt gengur upp eiga framkvæmdir að hefjast eftir þrjú ár og verða lokið að átta árum liðnum, árið 2024.

„Áætlað er að verkefnið skili jákvæðu tekjustreymi frá fyrsta ári,“ segir í skýrslunni. Yfir hálfur aldar rekstrartímabil fái fjárfestar 15,2 prósent árlaga ávöxtun.

Þá segir að hraðlestin verði ábatasöm sem einkaframtak og þurfi engin bein fjárfraðlög frá opinberum aðilum en að gera þurfi fjárfestingarsamninga við ríkið og fá sérstaka löggjöf um skattgreiðslur.

Alls verða lestarteinarnir 49 kílómetra langir, þar af 14 kílómetrar í göngum fyrsta spólinn út úr höfuðborgarsvæðinu. Fyrir utan endastöðvarnar tvær á að vera einn viðkomustaður í suðurhluta Hafnarfjarðar. Þar verði þjónustustöð og geymsla fyrir lestarvagna.

Samkvæmt skýrslunni verða lestarferðir frá klukkan fimm á morgnana til klukkan eitt eftir miðnætti. Farið verður á fimmtán mínútna fresti á annatíma þegar lestin annar 1.200 farþegum á klukkustund en með 30 mínútna millibili þess utan. Lestin mun ná 250 kílómetra hraða á klukkustund og ferðatíminn verða 15 til 18 mínútur eftir því hvort komið verður við á aukastoppistöðinni.

Vitnað er til spár Isavia um



Hraðlestin til Keflavíkurflugvallar í túlkun Bjarna Reynissonar er hann útskrifaðist úr arkitektúr frá Listaakademiunni í Kaupmannahöfn vorið 2014. MYND/BJARNI REYNIS-

þróun farþega fjölda um að komur og brottfarir farþega í alþjóðaflugi verði samtals 5,3 milljónir á árinu 2024. Alls verði 2,7 milljónir farmiða seldar vegna þessa hóps og aðrar 1,8 milljónir farmiða til annarra sem ferðist milli Reykjaness og höfuðborgarsvæðisins. Er þar átt við námsmenn og starfsmenn fyrirtækja við báða enda lestarlínunnar.

Nefnd eru dæmi um fargjöld í lestum sem ganga frá flugvöllum í svipaðri fjarlægð frá borgarkjörnum. Reiknað er með að hér gætu lægstu fargjöld verið um 1.000 krónur en hæstu 4.300 krónur. Meðalfargjaldið verði hins vegar 3.100 krónur. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að seldir farmiðar, samtals fram og til baka, verði 4,5 milljónir árið 2024. Tíu árum síðar verði þeir orðnir 5,9 milljónir talsins.


Að baki Fluglestinni standa Landsbankinn, fasteignafélagið Reitir, Kadeco á Keflavíkurflugvelli,

Reiknað er með að hluthafar hafi endurheimt fjárfestingu sína að fullu á tólfta rekstrarári.

Úr skýrslu um RRV Consulting.

Efla og Ístak. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er fjárfesta nú leitað bæði innanlands og utan. Áætlað er að hlutafé nemi fimmtungi heildarkostnaðarins eða um 20,6 milljörðum króna. Að öðru leyti á að greiða stofnkostnaðinn, sem í heild er 105 milljarðar króna, með lánsfé sem endurgreiðist á 27 árum með 3,0 til 4,5 prósent vöxtum.

„Reiknað er með að hluthafar hafi endurheimt fjárfestingu sína að fullu á tólfta rekstrarári,“ segir í skýrslunni fyrir Fluglestina þróunarfélag sem á ensku heitir Lava Express. gar@frettabladid.is



Fjórtán kílómetra löng göng eiga að liggja frá Vatnsmýri, undir byggðina í Fossvogi og Kópavogi og suður fyrir Hafnarfjörð. MYND/LAVA EXPRESS



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Sérstök jólatilboð

Leikhúskvöld fyrir sækera
Gjafakort fyrir tvo
og ljúffeng leikhúsmáltíð
12.500 kr.



Mamma Mia
Miði fyrir tvo á
ABBA söngleikinn sem
enginn má missa af
12.900 kr.



Njála
Miði fyrir tvo á Njála
og eitt eintak af
Brennu-Njáls sögu.
12.200 kr.

MIDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Kertasníkir nýtur mestrar kvenhylli

SAMFÉLAG Kertasníkir er langvinsælasti jólasveinninn af íslensku jólasveinunum þrettán. Næst vinsælastur er Stúfur og sá þriðji er Hurðaskellir. Þetta kemur fram í könnun MMR.

Pottaskefill, sem kom til byggða í nótt, er óvinsælasti jólasveinninn. Þétt á hæla hans koma búsáhalda-bræður hans, Þvörusleikir og Askasleikir.

Jólasveinarnir ná misvel til kynjanna. Kertasníkir er vinsæll hjá báðum kynjum en þá sérstaklega hjá kvenpeningnum. Ríflega helmingur kvenna segir hann vera uppáhaldsjólasveininn. Karlar eru aftur á móti hrifnari af Hurðaskelli og mathákunum Ketkróki, Bjúgnakræki og Skyrgámi.

Úrtak MMR var tæplega þúsund Íslendingar sem eru átján ára og eldri. Tæplega sjötíu prósent tóku afstöðu til spurningarinnar en aðrir sögðust ekki eiga uppáhalds jólasvein. – ebg

Hurðaskellir er vinsæll hjá íslenskum körlum.



Búsáhalda jólasveinarnir eru óvinsælastir meðal þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveinkarnir í vinsældaröð

| | | |
|----------------------|----------------------|----------------------|
| Kertasníkir 34,9% | Skyrgámur 5,5% | Gáttapefur 2,2% |
| Stúfur 23,9% | Bjúgnakrækir 3,9% | Þvörusleikir 0,9% |
| Hurðaskellir 11% | Ketkrókur 4,7% | Askasleikir 0,8% |
| Stekkjastaur 6% | Gluggagægir 3% | Pottaskefill 0,7% |
| | Giljagaur 2,6% | |

Notaleg jólastemning í Garðheimum

15-20% AFSLÁTTUR

AF NORDMANNSPIN, SERÍUM
OG JÓLATRÉSSKRAUTI


YLJAÐU ÞÉR
Á HEITU KAKÓ
MEÐAN ÞÚ FINNUR
DRAUMATRÉÐ!

VERÐ FRÁ
2.792KR

JÓLAMATUR OG JÓLAGJAFIR FYRIR GÆLUDÝRIN



LEIÐISGREINAR
OG LEIÐISKERTI
Í ÚRVALI



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Mælt er með rökum göngutúr til að efla heilastarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hreyfing gefur þéttari heilavef

HEILSA Nýleg rannsókn sem byggist á gögnum úr öldrunarrannsókn Hjartaverndar sýnir að eldra fólk sem hreyfir sig lítið eða er í mikilli kyrrsetu mælist með rýrari heila.

Niðurstöðurnar renna stóðum undir fjölda rannsókna sem sýnt hafa fram á jákvæð og verndandi áhrif hreyfingar á heilann og hún geti minnkað líkur á sjúkdómum sem tengjast vitsmunagetu. Frá þessu er greint á fræðisíðunni Heilsan okkar.

Rannsóknin er byggð á gögnum frá 352 einstaklingum þar sem magn gráa og hvíta efnis heilans var metið tvisvar sinnum með fimm ára millibili og hreyfing mæld með hreyfímælum við seinna matið.

Samkvæmt ráðleggingum Landlækniseimbættisins er mælt með að eldra fólk stundi miðlungserfiða hreyfingu í að minnsta kosti þrjátíu mínútur daglega. Þeim tíma sem varið er í hreyfingu má þó skipta í nokkur styttri tímabil yfir daginn. Dæmi um miðlungserfiða hreyfingu eru rökleg ganga, erfið heimilisverk og garðvinna. – ebg

Bændur mótmæla hertum reglum



Vilja beita eftir hentugleika Bændur og fjárhirðar efndu til mótmæla fyrir utan þjóðþing Rúmeníu í Búkarest í gær til að mótmæla nýrri löggjöf, sem felur í sér strangari reglur um sauðfjárbætur á vetrum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Eldtraust
- Ekki ofnæmisvaldandi
- Engin vökvun
- 12 stærðir (60-500 cm)
- 10 ára ábyrgð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is

Vildarverð
14.122.-
Almennt verð
18.829.-

Penninn Eymundsson

Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Tilboðsverð gilda frá 16. desember, til og með 20. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Fóru vegna stefnu í útlendingamálum

Enginn misskilningur varð í túlkun á úrskurði Útlendingastofnunar til Pepoj-fjölskyldunnar. Fjölskyldan fór vegna stefnu Íslands í útlendingamálum.

MANNRÉTTINDI Lögfræðingur Pepoj-fjölskyldunnar, Arndís Anna Gunnarsdóttir, segir að það sé þröng túlkun ákvæðisins og stefna í útlendingamálum sem skipti máli þegar kemur að úrbótum í málaflökknum.

Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir því að Útlendingastofnun gefi upplýsingar um málsmeðferð og rannsókn umsókna um svokölluð mannúðarleyfi af heilbrigðisástæðum og sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um þessi atriði þegar umsækjandi er barn.

„Það sem má betur fara varðandi framkvæmdina á þessari lagagrein er að minnu mati fyrst og fremst túlkunin og stefnan. Hana má rýmka. Griðarlega þröng túlkun ákvæðisins og annarra ákvæða er varða hælisleitendur og flóttamenn er helsta vandamálið, fremur en málsmeðferðin sjálf. Ef laga-túlkunin er svona þröng, þá skiptir litlu máli þó mál sé betur rannsakað. Það er auðvitað sjálfsgat mál að gera athugasemdir þegar rannsókn er ábótavant, en það er hins vegar ekki gefið að ítarlegri rannsókn leiði til annarrar niðurstöðu. Það er stefnan sem er vandamálið.“

Pepoj-fjölskyldan ákvað að fara vegna þess að Albanar hafa ekki fengið dvalarleyfi hér á landi hingað til. Það var fyrst og fremst vegna þessa sem hún ákvað að draga kærna sína til baka. Þetta segir Hermann Ragnarsson sem hefur aðstoðað fjölskylduna en í kvöldfréttum RÚV nýverið kom fram að annar hælisleitandi túlkaði

Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að túlkun Phellumb hafi verið hlutlaus og áreiðanleg, enda var hann í sambærilegri stöðu og Kastriot og Xhulia, og ég veit ekki betur en að þau séu öll góðir vinir og að traust ríki á milli þeirra.

Arndís Anna Gunnarsdóttir lögfræðingur hjá Rauða Krossinum



» Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir því að Útlendingastofnun gefi upplýsingar um málsmeðferð og rannsókn umsókna um svokölluð mannúðarleyfi af heilbrigðisástæðum og sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um þessi atriði þegar umsækjandi er barn.

fyrir fjölskylduna. Hermann segir engan misskilning hafa orðið í þessum aðstæðum, fjölskyldan hafi verið ánægð með þjónustu Rauða krossins.

Arndís segir mismunandi viðmið gilda í mismunandi aðstæðum. „Það er ljóst að hælisleitandi þarf að tjá sig og skilja aðra við margar og mismunandi aðstæður, bæði formlegar og óformlegar, í samtali og í síma eða skilaboðum. Mismunandi viðmið eru varðandi túlka við mismunandi aðstæður.“

Í hæliviðtali hjá Útlendingastofnun og við birtingu ákvæðunnar eða úrskurðar segir Arndís að alltaf sé boðaður túlkur sem talar íslensku. „Hér hjá okkur, fyrir ráðgjafarsamtöl, sem jafnan eru óformleg, notumst við oftast við símatúlkun frá fyrirtæki frá Bretlandi, sem heitir Language Line. Ef fólk mætir til okkar með vin með sér sem það vill að túlki, þá setjum við okkur almennt ekki upp á móti því ef það er ekkert sem bendir til annars en að það sé í lagi.“ Börn séu þó aldrei látin túlka og ef minnsti vafi leiki á að túlkunin verði hlutlaus, eða Rauði krossinn hafi minnsta grun um að ósk viðkomandi um að vinurinn túlki sé ekki einlæg, þá sé notast við Language Line. „Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að túlkun Phellumb hafi verið hlutlaus og áreiðanleg, enda var hann í sambærilegri stöðu og Kastriot og Xhulia, og ég veit ekki betur en að þau séu öll góðir vinir og að traust ríki á milli þeirra.“ kristjanabjorg@frettabladid.is


NOTALEG STUND

20%
afsláttur
af ÖLLUM
litabókum



Vildarverð: 1.544
Verð: 2.059.-

Vildarverð: 1.544
Verð: 2.059.-



Lost Ocean
Tilboð: 2.399
Verð: 2.999.-

25%
vildarafsláttur
af VÖLDUM
SPILUM



Vildarverð: 1.544
Verð: 2.059.-



20%
afsláttur
af STAEDTLER
litum



Winter Wonderland
Tilboð: 2.399
Verð: 2.999.-



Vildarverð: 2.999 stk
Verð: 3.999.- stk


Tússlitur Triplus
Tilboð: 271 stk
Verð: 339.- stk



Vildarverð: 1.799 stk
Verð: 2.399.- stk



Vildarverð: 2.729
Verð: 3.639.-



Harry Potter litabók
Tilboð: 2.559
Verð: 3.199.-



**VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON**

5% afsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 16. desember, til og með 20. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Horft út Lækjargötu, gamli iðnskólinn á norðausturhorni Tjarnarinnar og Harpa fyrir miðri mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hér kallast þær á, Frikirkjan við Tjörnina og Hallgrímskirkja efst á Skólavörðuholti.

Tjörninn

Sumir segja að Reykjavíkurtjörn og umhverfi hennar sé fegursti staður höfuðborgarinnar. **Gunnar V. Andrésen**, ljósmyndari Fréttablaðsins, fangaði ljósadýrðina þar í aðdraganda jóla og ekki laust við að myndirnar styðji mál aðdáenda Tjarnarinnar.



Við Tjarnargötu segja margir að sé að finna fallegustu hús borgarinnar. Hér má sjá í forgrunni Tjarnargötu 30 þar sem ráðist hefur verið í endurbætur á húsinu og þar fyrir innan ráðherrabústaðinn á númer 32.



Margir þeirra sem sækja Tjörnina heim til að gefa öndunum gefa sér líka tíma til að kíkja í Ráðhúsið og nota þá göngubrúna sem yfir í það liggur.

NORÐURLÖNDIN



Oliúsjóður fjárfestir í vindmyllum

1 NOREGUR Oliúsjóður Noregs vill verja hluta milljarða sinna í vindmyllur og sólarorku, samkvæmt fréttum norskra fjölmiðla. Ekki er ljóst hversu stórar fjárhæðir rætt er um. Þó er lagt til að „grænar“ fjárfestingar geti í upphafi numið allt að fimm prósentum af fjárfestingum sjóðsins. Verð á hráolíu hefur hríf-lækkað í nokkur ár. Tap sjóðsins á hlutabréfamörkuðum heimsins í ár er sagt vera upp á þúsundir milljarða íslenskra króna.

Sektaðir um tugi milljóna króna

2 SVÍÞJÓÐ Svíar sem leigðu út bátá sína sem notaðir voru til ólöglegra veiða í hafinu fyrir utan Vestur-Sahara í Afríku hafa verið dæmdir í Svíþjóð til að greiða rúmar 67 milljónir íslenskra króna. Mennirnir eru sagðir hafa þénað um 300 milljónir íslenskra króna á leigu bátanna. Samkvæmt samkomulagi við Marokkó frá 2006 mega skip skráð innan Evrópusambandsins ekki veiða þar án leyfis sambandsins þótt leyfi hafi fengist frá yfirvöldum á staðnum.

Foreldrar fúllir út í kirkjuna

3 FINNLAND Það er jólasveina-**3**kreppa í Maxmo í Finnlandi. Í helgistund í kirkju þar var leik-skóla- og grunnskólabörnum bent á að skrifa ekki of langa óskalista fyrir jólin þar sem ekki hefðu allar fjölskyldur efni á að kaupa margar jólagjafir. Börnunum var jafnframt tjáð að jólasveinninn væri ekki til í alvöru. Börnin eru leið og foreldrar þeirra eru fúllir út í kirkjuna. Það sé hvorki hennar að ræða um tilvist jólasveinsins né fjárhag foreldra.



Met hefur verið slegið á árinu í sjúkraflugi frá Akureyri.

Hafa flutt sex hundruð með sjúkraflugi í ár

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkraflutningamenn Slökkviliðs Akureyrar og flugmenn Mýflugs fluttu í síðustu viku sjúkling númer sex hundruð á þessu ári. Ferðirnar á árinu hafa alls verið 538. Í frétt á vef slökkviliðsins segir að þetta sé nýtt met og töluverð aukning frá fyrri árum.

Þá segir að helmingur sjúkraflugganna sé svokallaður forgangsflytningur þar sem sjúklingur þarf að komast með hraði á sjúkrahöfnun með herra þjónustustig. Í alvarlegustu tilfellunum fari lækni frá Sjúkrahúsi Akureyrar með en slíkt eigi við um þriðjung tilfella. – *ngy*



Umferðarþungi ógnar Miðhúsafé. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bændur á Miðhúsum biðja um göng fyrir kindur

LANDBÚNAÐUR Hjónin á bænum Miðhúsum í Bláskógabyggð vilja að Vegagerðin útbúi göng undir þjóðveginn svo kindur þeirra komist áfallalaust á milli túna jarðarinnar. Undanfarin misseri hafi umferð stórauð og líkur séu á að hún eigi eftir að aukast enn frekar.

„Í haust höfum við hvað eftir annað lent í vandræðum með að koma fé yfir veginn sökum umferðar og er þess skemmt að minnst að í október misstum við fjórar ær hér neðan við bæinn. Og er þá ótalíð tjón á bilnum og áfall bilstjórans,” segir í bréfi Miðhúsabænda til Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur tekið undir óskir þeirra um að Vegagerðin geri sérstök göng fyrir kindurnar sem beitt er á umrædd túni á vorin og að hausti. – *gar*

SIEMENS

Jólin nálgast.
Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.

BOSCH

BOSCH Matvinnsluvél
MCM 3110W
800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 14.900 kr.

BOSCH Blandari
MMB 42G0B (svartur)
Einstaklega hljóðlátur. 700 W. „Thermosafe“ hágæða-gler sem þolir heita og kalda drykki.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **13.900** kr.
Fullt verð: 17.900 kr.

Gigaset Símtæki
A510
Númeraminni fyrir 150 nöfn og símanúmer. Langur taltími, mikil hljómgæði.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **7.625** kr.
Fullt verð: 8.970 kr.

BOSCH Töfrasproti
MSM 67170
Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 14.900 kr.

BOSCH Hraðsuðukanna
TWK 7809
Koparlituð. Tekur 1,7 lítra. 2200 W.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **12.900** kr.
Fullt verð: 16.900 kr.

Rommelsbacher Vöflujárn
WA 1000/E
1000 W. Úr burstuðu stáli. Viðloðunarfrítt yfirborð.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 14.700 kr.

Camry Eldhúsvogir
CR 31510
Vigtar allt að 5 kg með 1 g nákvæmni.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **2.300** kr.
Fullt verð: 2.900 kr.

ProfiCook Pottasett
KTS 1051
Alls fjórir pottar, þar af þrír með glerloki.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **17.900** kr.
Fullt verð: 22.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

BAUHAUS

50% AFS

Lagerhreinsun á öllum jólaljósum, jólaseríum



BAUHAUS[®]

SLÁTTUR

h, jólaskrauti og jólatrésfótum fram til jóla...



MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá miðvikudagnum 16. desember 18 og með fimmtudagnum 24. desember 20 15
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Heimurinn fagnar loftslagssamningi tæplega 200 þjóðríkja en á sama tíma hefur aðeins umgjörð loftslagsbaráttunnar verið mótuð – öll vinnan er eftir. NORDICPHOTOS/AFP

Aðeins fáeinir áratugir til stefnu



Sameinuðu þjóðirnar nýttu sennilega sitt síðasta tækifæri til að ná samstöðu þjóða í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Loftslags-samningur var heimsbyggðinni lífsnauðsynlegur. Ef hann verður meira en orð á blaði þá boðar hann hvarvetna miklar breytingar.

Svavar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Nýjum samningi sem undirritaður var á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París um liðna helgi er hampað sem sögulegum, en ekki síður metnaðarfullum. Hann er líka talinn til vitnis um afburða stjórnkænsku frönsku utanríkisþjónustunnar. Án samnings í París hafði verið látið að því liggja að Sameinuðu þjóðirnar hefðu misst af sínu síðasta tækifæri til að ná samkomulagi milli allra, stórra sem smárra. Við tæki glundroði þar sem enginn tæki ábyrgð á lausn vandans sem allir þó víðurkenna og hræðast.

Merk tímamót

Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur og rithöfundur, sem hefur látið sig loftslags- og umhverfismál mjög varða, segir að litill vafi leiki á að Parísarsamkomulagið boði merk tímamót. Allt of lengi hafi slöpp Kyoto-bókun frá 1997 verið í gildi sem grunnur á alþjóðavísu að átaki gegn hlýnun jarðar af mannavöldum. „Enda hefur hallað hratt á verri hlið í þeim efnum og kapphlaup um að nýta sem mest jarðefnaeldsneyti verið í hámarki árum saman, og færst norður á bóginn. Samtímis hefur skógarráyrkjja verið hörmuleg og eyðimerkurmyndun samsvarad allt að 80.000 ferkílómetrar á ári.“

Ljónin í veginum

Beðinn um að meta nýtt og viðamikl- ið samkomulag 196 þjóða og spegla það yfir á Ísland, segir Ari Trausti úr vöndu að ráða. Ramminn sé góður og gildur enda þótt vafi geti leikið á hvort meðalhitinn hækkar um 1,5

eða þrjár gráður fyrir aldarlok. Svo mikil sé óvissan um neikvæð keðju- áhrif helstu umhverfisþátta sem stýra veðurlagi á ólíkum svæðum heims, til dæmis hverju lítil hafishella á norðurslóðum veldur, ef meðalhitastig hækkar um eitt til 1,5 stig en ekki 0,8 stig eins og nú er komið.

„Mannkyn hefur aðeins úr nokkrum áratugum að spila ef dæma má af hraða breytinganna í náttúrunni sem við óttumst mest, minnug þess að voldugir, náttúrulegir atburðir geta kollvarpað umhverfisstýringu manna. Á heimsvisu stendur mest upp á tug ríkja, þau stóru og hagvaxtargrímmostu, og nokkur önnur ríki sem byggja nær alla afkomu sína á jarðolíu, og loks helstu stórfyrirtæki í sama geira eða öðrum, t.d. matvælaframleiðslu. Þau lúta í raun ekki þjóðstjórnunum. Munu menn í raun og veru ganga á eigin hagnadarvonir og eyða gífurlegum fjármunum í uppbyggingsjód COP21 [100 milljarðar dollara á ári], beint eða í gegnum skattfé, og enn fremur í nýsköpun í orkugeiranum? Og munu þróunaradstod og orkulausnir handa þróunararríkjunum ýta undir minni heildarlosun kolefnisgasa þegar fram í sækir? Leggja ríkisstjórnir nægilegt fé í fjárfestingar sem gefa meira af sér í umhverfistilliti en peninga- rentu?“ spyr Ari Trausti og bætir við að samningurinn hafi mikil og flókin áhrif á nær öllum sviðum samfélaga. Bókhalld allra ríkja eigi að gera and- ófið gegn hlýnun sýnilegt og verði að vera sannferðugt.

Leggur á ríkar skyldur

„Samningurinn mun hafa áhrif á dag- legt líf fólks í þá veru að skerða vana- bundin umsvif eða hleypta upp verði á ýmsu sem við teljum sjálfsögð gæði. Það leggur ríkar skyldur á stjórnvöld

Parísarsamkomulagið í hnotskurn

Um 190 ríki sendu sjálfviljug inn markmið sín varðandi losun fyrir Parísarfundinn sem vísað er til í samkomulaginu. Þau ná yfir um 90% af heimslosun.

- Sett er markmið um að halda hlýnun lofthjúpsins vel innan við 2°C og jafnframt verður reynt að halda hlýnuninni innan við 1,5°C.
- Losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvisu skal ná hámarki „eins fljótt og auðið er“ og minnka síðan þannig að losun gróður- húsalofttegunda af mannavöldum ná jafnvægi við upptöku kolefnis úr andrúmsloftinu á síðari helmingi aldarinnar.
- Fara skal yfir stöðu mála á 5 ára fresti og í kjölfar þess skulu ríki senda inn endurnýjuð lands- markmið; ný markmið eiga að vera eins metnaðarfull og alla jafna metnaðarfullri en fyrri markmið í ljósi leiðsagnar vís- indanna.
- Lofað er að fjármögnun loftslagsmála til þróunararríkja nái 100 milljörðum dollara árið 2020.
- Settar eru fram kröfur um bók- hald yfir nettólosun ríkja. Í Parísarsamkomulaginu er gerð krafa um bókhalld fyrir öll ríki, þótt kröfur á þróunarriki séu vægari.
- Viðurkennt er að bregðast þurfi við skaða sem fátæk ríki verða fyrir vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga, bæði við að draga úr líkum á skaða og bregðast við tjóni sem verður.

við að upplýsa almenning um ótal hluti, útskýra samhengi aðgerða og ýta undir samstöðu, þvert á stjórn- málin. Við sjálf verðum að leggja okkur fram og mögla í hófi. Um leið verða þeir sem mestu ráða að hlusta á gagnrýni, jafnt sérfræðinga sem fyrir- tækja og almennings. Ég vil engu spá um hvernig ganga muni á alþjóðavísu að raungera samninginn en vera hóf- lega bjartsýnn eins og ávallt frammi fyrir stóratburðum í heiminum,“ segir Ari Trausti.

„Litla Ísland“

Hvað „litla Ísland“ varðar er af nógu að taka, segir Ari Trausti enda okkar framlag við minni losun kolefnis- gasa brotabrot af heildinni og nánast ósýnilegt. En miðað við íbúafjölda sé það gríðarstórt og framlag til tækni- lausna og aukinnar þekkingar, hvort sem er í jarðhitafraeðum, jöklafræðum, sjávarútvegi eða landgræðslu, næstum ómetanlegt.

„Margtuggin eru málefni sem við verðum að sinna: Uppgræðsla, skóg- rækt, endurheimt votlendis, allt til að binda kolefni, minni losun í iðnaði, nýting eldfjallagasa í orkuverum, minni losun í landbúnaði, sjávarút- vegi, ferðaþjónustu og samgöngum, engin olíu- eða gasvinnsla á íslensku hafsvæði og betri nýting vara og hrá- efna. Alls staðar vantar vandaðar aðgerðaáætlanir með hvatningu, boðum og bönnunum, markmiðum og skýrri fjármögnun. Það eru verkefni sem endurskodun heildaráætlunar eftir Parísarfundinn kallar eftir og þarf að vinna á sem allra skemmstum tíma, líkt og stjórnvöld hafa lofað.“

Binding engin afsökun

Ari Trausti bendir á að aukin binding kolefnis sé ekki afsökun fyrir aukinni losun, heldur verði binding og minni

Veröldin þarf ekki á íslenski olíu að halda og við sjálf ekki heldur enda notkun okkar úr hugsanlegum milljarða tunna birgðum ekki gild röksemd.

Ari Trausti
Guðmundsson,
jarðfræðingur og
rithöfundur



losun að verka saman ef takast á að minnka kolefnisspor þjóðarinnar um 30-40% á 10 til 15 árum. Þar sé ekki miðað við nýjustu losunartölur, heldur nokkru lægri og eldri tölur, sem megi telja undarlegt val.

„Viðnám gegn losun kolefnisgasa frá þjóðinni losar okkur ekki við ábyrgð á brennslu olíu og gass, sem við hefðum tekjur af, færi svo að eitt- hvað slíkt kæmi upp norðaustur af landinu. Röksemdin um að efnin séu hollari en kol hrekkur skammt því ekki má snerta nema 25% af þekktum birgðum olíu, kola og gass í heiminum. Jafnvel þótt aðeins væri unnin olía upp í kvótann sópar það röksemdinni burt. Veröldin þarf ekki á íslenski olíu að halda og við sjálf ekki heldur, enda notkun okkar úr hugsanlegum milljarða tunna birgðum ekki gild röksemd,“ segir Ari Trausti sem telur Ísland í góðu kolefnisjafnvægi ekki vera tálsýn.

„En það kallar á mjög svo breytta stefnu fjármála og rannsókna hjá ríkinu, breytta stefnu sveitarfélaga og fyrirtækja, sem þegar hafa stigið fram, mörg hver, og líka skýran vilja fólks almennt.“

MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN



SALTMINNI HRYGGUR!

**Hagkaups
Hamborgarhryggur**
Sérvalinn af fagmönnum úr nýju
hráefni. Við viljum vera viss um
að hátíðamaturinn þinn verði
óaðfinnanlegur. Þess vegna
látum við framleiða sérstakan
hrygg samkvæmt ströngum
gæðastöðlum Hagkaups.

Þarf ekki
að sjóða!
Aðeins 90 mín.
í ofni!



**2. SÆTI
SAMKVÆMT
BRAGÐKÖNNUN DV**

NÝTT Í HAGKAUP

Maltgrís hamborgarhryggur
Maltgrís er ungrís sem er sérvalinn og
sérvalinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á
Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu
maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti
frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn
er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir
kjötið einstaklega meyr og bragðgott.



MINNA SALT, SAMA BRAGÐ!

Hagkaups hangikjötið
Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt.
Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað
er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu
að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með
sama bragði.



**TILBÚIÐ BEINT
Í OFNINN**

HIÐ EINA SANNA!

Hagkaups smjörspautað kalkúnaskip
Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp
á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört
lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á
hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og
eldamennskan ofur einföld.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ástand heimsins




1. Breski geimfarinn Timothy Peake spjallar við börnin sín áður en hann var sendur út í geiminn með rússnesku Soyuz-geimfari frá Baikonur-geimferðastöðinni í Kasakstan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Fjölskylda forðar sér frá bænum Juban á Filippseyjum, nánar tiltekið í Sorsogan-héraði við suðurjaðar höfuðborgarinnar Manila. Fellibylurinn Melor fór þar hamförum þannig að þúsundir manna þurftu að flýja heimili sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. Skemmtikraftar í jólasveinabúningum á ferð um götur í Hong Kong. NORDICPHOTOS/AFP

4. Þessi maður hefur það að atvinnu að hreinsa út úr eyrunum á fólki. Hundruð eyrnahreinsara koma sér fyrir dag hvern við vegkantinn í Nýju-Delí að bjóða upp á þessa þjónustu, sem löng hefð er fyrir á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





Telur þú að lífeyrisþegar eigi að fá jafnháa eða hærrí krónutöluhækkun en lægstu launþegar fengu í nýliðnum kjarasamningum?*

95,4% ÍSLENDINGA ERU ÓSAMMÁLA RÍKISSTJÓRNINNI

Samkvæmt könnun Gallup telja 95,4% Íslendinga að lífeyrisþegar eigi að fá jafnháa eða hærrí krónutöluhækkun kjara og lægstu laun í nýliðnum kjarasamningum.


HÖFUM ÞETTA Á HREINU

Stuttur minnislisti handa stjórnvöldum frá okkur sem treystum á lífeyri almannatrygginga til framfærslu:

- Við, sem það getum, förum snemma á fætur og vinnum fullan vinnudag.
- Mörg okkar urðu öryrkjar af því að vinna slítandi láglounastörf áratugum saman.
- Hver króna sem við þenum í laun getur valdið skerðingu lífeyriskjara.
- Við greiðum skatt af lífeyrinum.
- Á árinu 2015 hækkaði hámarkslífeyrir almannatrygginga um 3.496 kr./mán. eftir skatta.
- Eftir hækkun 1. janúar 2016 verða tekjur okkar um 186.000 kr./mán. eftir skatta. Á því lifir enginn mannsæmandi lífi.
- Kjör okkar skánuðu um 40.462 kr. frá 2011-2015. Laun forsætisráðherra hækkuðu um 456.333 kr. á sama tíma.

ÁSKORUN

Þessir þingmenn sögðu nei við tillögu um að kjarabætur lífeyrisþega yrðu afturvirkar líkt og annarra launþega. Við skorum á þingmenn stjórnarflokkanna að verða við kröfu yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar um réttlát kjör örorkulífeyrisþega.



Íslendingar, enn er von. Sendum þingmönnum okkar skilaboð og krefjumst þess að þeir fari að vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar og hækki lífeyriskjör til jafns við önnur kjör í landinu. Þau hafa tækifæri til þess við þriðju umræðu um fjárlög.

OBI.IS

* Könnun á viðhorfum til framfærslu, unnin af Gallup fyrir Öryrkjabandalag Íslands í nóvember 2015.

Umræðan um umræðuna



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Upp úr sauð á Alþingi í gær. Eins og stundum vill gerast. Tilefnið var ummæli Jóns Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um Björk Guðmundsdóttur söngkonu og líkast til frægasta núlifandi Íslendinginn.

Í viðtali við Sky-sjónvarpsstöðina kallaði Björk forsætis- og fjármálaráðherra sveitalubba. Jón greip tækifærið og velti því upp hvort Björk borgaði skatta á Íslandi og bætti um betur og sagði hana frekar daufa til augnanna á bak við grimuna, en Björk var með grimu á fréttamannafundi um náttúruvernd fyrir skömmu.

Í kjölfarið skrifaði Birgitta Jónsdóttir Pírati á Facebook-síðu sína að Jón væri dónalegur tuddi og að hún hefði nánast þurft að leita sér áfallahjálpar eftir að hafa verið sessunautur hans á þingi. Þingmenn ræddu þetta mál síðan fram og til baka í ræðustól á þinginu í gær. Jón vildi að forsætisnefnd þingsins rannsakaði ummæli Birgittu og Birgitta útlastaði frekar hversu erfitt hefði verið að sitja hjá Jóni. Undir lokin fór umræðan að snúast um hvort utanríkisráðherra hefði frussað undir ræðu Birgittu.

Þessi orðaskipti á þingi og hjá þingmönnum á öðrum vettvangi eru leiðigjörn. Þó þau séu langt því frá einsdæmi, og líklegast hvorki verri né betri en tíðkaðist hér á árum áður, setja þingmenn niður við þau.

Jón Gunnarsson á vissulega sinn rétt á að gagnrýna þá sem gagnrýna hann og hans stjórnmalaflokk. Rétt eins og Björk á sama rétt. En Jón er kjörinn fulltrúi þjóðarinnar á Alþingi. Ummæli hans um útlit þessarar ástsælustu söngkonu landsins eru hallærisleg og ekki svaraverð.

Björk hefur lengi staðið fremst í flokki baráttumanna fyrir vernd náttúru Íslands. Framlag hennar í landkynningu á Íslandi er hreint út sagt ómetanlegt og þegar kemur að náttúruvernd er hún í kjörstöðu til að ná eyrum erlendra miðla sem aðrir hafa ekki tækifæri á að ná. Hún er ekki kjörinn fulltrúi og orð sín um forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar setur hún fram í eigin nafni.

Á tímum samfélagsmiðla og undraverðs hraða umræðunnar vill þetta oft gerast. Það sem gleymdist í umræðunni um umræðuna í gær var tilefni ummæla Bjarkar. Björk sagði minnihluta Íslendinga vilja útmá hálendið þegar hún ræddi við fréttastofu Sky um verndun hálendis Íslands, virkjunaráform og loftslagsbreytingar.

Líklegast hefði það verið málstað Bjarkar frekar til framdráttar að sleppa því að kalla ráðherrana sveitalubba. Enda var það það eina sem stóð eftir og var til umræðu eftir viðtalið við hana á Sky.

Því má nefnilega ekki gleyma að það er málstað virkjanasinnans og formanns atvinnuveganefndar fullkomlega til framdráttar að enginn ræði efnislega um þetta baráttumál Bjarkar, það er verndun hálendisins, heldur fari að rifast um hann persónulega.

Það er nefnilega hægt að virkja villt og galið á meðan rifist er um sætaskipan á þingi og hver er verstí sessunauturinn.



Líklegast hefði það verið málstað Bjarkar frekar til framdráttar að sleppa því að kalla ráðherrana sveitalubba.

Halldór



Frá degi til dags

Leikhús fátánleikans
Störf Alþingis eru með farsakenndu móti þessi dægrin. Birgitta Jónsdóttir sakar fyrrverandi sessunaut sinn, Jón Gunnarsson, um að vera svo mikill dóni að hún hafi jafnvel þurft áfallahjálpar. Jón svaraði því til að hann kannaðist ekkert við þetta og fór fram á rannsókn á samskiptum sínum við Birgittu. Í kjölfarið steig Katrín Jakobsdóttir í pontu og lýsti yfir vonbrigðum með Jón, hún hefði haldið að hann ætlaði að biðjast afsökunar á ummælum sínum um Björk Guðmundsdóttur. Jón hafði sagt Björk dauflaga til augnanna og spurt sig hvort hún borgaði skatt hér á landi í kjölfar ummæla hennar um að ráðamenn væru „rednecks“. Birgitta steig þá í pontu og sagði að sig hefði oft ekki langað í vinnuna vegna Jóns og sagði að enginn hefði gert jafn mikið fyrir land og þjóð og Björk. Við það frussaði hæstvitur utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, af vandlætingu.

Þessu svaraði Björk svo á Facebook og sagði orðið „redneck“ tákna þjóðflokk sem teldi sig æðri náttúrunni. Hún borgi skatta á Íslandi.

Undirrituð leggur til að dósahlátur íslensku þjóðarinnar verði spilaður eftir ræður þingmanna.

snaeros@frettabladid.is

Veik börn



Dr. Bjarne Már Magnússon

lektor í alþjóðalögum við lagadeild HR

Þrottvisun veikra barna úr landi hefur verið í brennidepli. Í því samhengi er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 hefur að geyma ákvæði sem snerta réttindi veikra barna. Ísland fullgilti samninginn árið 1992. Auk þess hefur sáttmálinn verið innleiddur í íslenskan landsrétt með lögum nr. 19 frá 2013 sem öðluðust gildi sama ár. Barnasáttmálinn er þar með íslenskur landsréttur sem stjórnvöldum ber að fylgja auk þess sem þau eru bundin af honum að alþjóðalögum.

Á ákvæðum Barnasáttmálans felst viðurkenning á að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Sáttmálinn tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun. Hornsteinn sáttmálans – og reyndar allrar löggjafar um börn – er sú meginregla að allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er þeim fyrir bestu.

Réttindi veikra barna

Í 1. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans er kveðið á um eftirfarandi: „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstoða til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.“

Í ljósi þessa ákvæðis má velta fyrir sér hversu langt skylda Útlendingastofnunar nær til að kanna ástand heilbrigðiskerfis ríkis þegar veiku barni er vísað úr landi og hvernig læknismeðferð þá fær þar nákvæmlega. Ætla má að sú skylda sé mjög rík. Í framhaldinu má velta fyrir sér hvort það verði ekki að hafa umrætt ákvæði Barnasáttmálans í huga þegar 2. mgr. 12. gr. f. útlendingalaga er skýrd en ákvæðið kveður á um að veita megi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða ef útlendingur getur sýnt fram á ríka þörf á vernd, t.d. af heilbrigðisástæðum. Við það mat á að taka sérstakt tillit til slíkra sjónarmiða ef um barn er að ræða og skal það sem barni er fyrir bestu haft að leiðarljósi við ákvæðunina.





Banki ársins 2015 – banki framtíðarinnar

Arion banki er banki ársins á Íslandi að mati hins virta fjármálatímarits **The Banker**, sem gefið er út af **The Financial Times**. Viðurkenningar blaðsins eru einhverjar þær eftirsóttustu í bankaheiminum.

Við erum ákaflega stolt af þeirri þróunarvinnu sem við höfum unnið undanfarin ár og hefur skilað okkur þessum verðlaunum. Við munum halda ótrauð áfram að búa okkur og viðskiptavinum okkar undir spennandi framtíð.



VR-15-024



 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

SESTU Í DRAUMAS



GLOBE



PIANA

Borðstofustóll. PU-svart

9.990 kr. ~~12.990 kr.~~



LZB PINNACLE



EIFFEL

Borðstofustóll. Svartur, grár og hvítur með svörtum löppum.

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~



NORA

Borðstofustóll. Margir litir bæði í PU leðri og áklæði.

29.990 kr. ~~39.990 kr.~~



LEVANTO



ROMANCE

Hægindastóll. Grátt áklæði.

79.990 kr. ~~99.990 kr.~~



KING GEORGE



GOHST



FRIDA

Borðstofustóll. PU-svart eða áklæði

19.990 kr. ~~24.990 kr.~~



NATUZZI



STANLEY

La-Z-Boy hæginda- stóll úr svörtu, brúnu eða vínrauðu leðri. Stærð: 81 x 94 x 103 cm

129.990 kr. ~~179.990 kr.~~



HAVANA

Nettir og þægilegir stólar með snúning. Fást í ýmsum litum.

64.508 kr. ~~79.990 kr.~~




GAGA



LEEDS

Hægindastóll. Svart eða brúnt áklæði.

69.990 kr. ~~89.990 kr.~~



SOUL LAVAL



GYRO



EIFFEL

Borðstofustóll. Svartur, grár og hvítur með krómlöppum.

9.990 kr. ~~13.990 kr.~~



TWIST



LEVANTO

Hægindastóll. Grátt slitsterkt áklæði. Einnig fánlegur í leðri.

64.509 kr. ~~79.990 kr.~~

TÓLINN UM JÓLIN

STÓLAR

TAX

FREE

Allir stólar á taxfree tilboði* til jóla
eða á meðan birgðir endast!



LENGRI OPNUN TIL JÓLA

16.–18. DES. 10⁰⁰–19⁰⁰

19. DES. LAU. 11⁰⁰–19⁰⁰

20. DES. SUN. 12⁰⁰–19⁰⁰

21.–23. DES. 10⁰⁰–22⁰⁰

24. DES. fim. 10⁰⁰–13⁰⁰

* Taxfree tilboðið gildir bara á stólum og jafngildir 19,35% afslætti.

Taxfreetilboðið gildir ekki ofan á önnur tilboð t.d. jólatilboð.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

FH stöðvaði sigurgöngu Hauka



Svifandi Benedikt Reynir Kristinsson, hornamaður FH, skorar hér eitt níu marka sinna í sigrinum á Haukum í Kaplakrika. Þetta var fyrsti sigur FH á Haukum í fimm leikjum og hann tryggir að FH-ingar verða ekki í fallsæti þegar deildin fer í frí í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óttaðist í smástund um EM

Arnór Þór Gunnarsson meiddist nýverið á öxl og gæti verið frá keppni fram yfir áramót. Hann vonast þó til að snúa fyrr til baka en það og stefnir óhikað að því að vera í landsliðshópnum sem fer á EM í Póllandi.

HANDBOLTI Hornamaðurinn Arnór Þór Gunnarsson verður frá næstu vikurnar vegna meiðsla í öxl sem hann varð fyrir í leik liðs síns, Bergischer í Þýskalandi fyrr í þessum mánuði. Hann segist þó vongóður um að vera kominn aftur á fullt strax eftir jól.

Arnór Þór hefur spilað á síðustu tveimur heimsmeistarakeppnum og var kallaður inn í íslenska landsliðið fyrir milliriðlakeppnina á EM í Danmörku í fyrra. Hann stefnir enn að því að vera í hópnum sem heldur á Evrópumeistaramótinu í Póllandi í næsta mánuði.

„Ég fékk slink á öxlina og það komu í ljós skemmdir á sin, auk þess sem það blæddi inn á hana,“ sagði Arnór en hann meiddist í leik Bergischer gegn Gummersbach. Hann hefur verið með öxlina í fatla og verður áfram næstu vikuna.

„Svo má ég aðeins byrja að hreyfa öxlina og sjá hvernig það kemur út. Læknirinn gerir ráð fyrir því að eftir það verði ég um tvær vikur að ná fyrri styrk og að bataferlið taki alls fjórar vikur.“

Vill ná stórleiknum gegn Kiel

Bergischer leikur gegn Þýskalandsmeisturum Kiel í hinna stórglæsi legu Kölnarena, þar sem úrslitahelgi Meistaradeildar Evrópu fer fram ár hvert, þann 27. desember. Þá verða rúmar þrjár vikur liðnar frá því að Arnór meiddist.

„Ég stefni á að ná þeim leik. Það er markmiðið mitt eins og er,“ segir Arnór sem viðurkennir að það hafi farið um hann þegar hann sá að

meiðslin voru ekki smávægileg.

„Auðvitað var ég smeykur um að þetta gæti teygt sig inn í janúar,“ segir Arnór en EM í Póllandi hefst 15. janúar. „Ég lét Aron [Kristjánsson landsliðsþjálfara] strax vita af meiðslunum en ég stefni óhikað að því að hefja æfingar með landsliðinu þegar það kemur saman 2. janúar. Ég bind miklar vonir við það.“

Hann segir að endurhæfingin gangi ágætlega en hann mun láta reyna meira á öxlina á mánudag. „Þangað til hef ég gert það sem ég má gera og haldið mér þannig í finu standi,“ segir hornamaðurinn sem hefur aldrei áður glímt við meiðslu í öxl fyrr en nú.

Mikilvægur bikarleikur í kvöld

Bergischer vann um helgina dramatískan

sigur á Lemgo, 31-30, þar sem sigurmarkið var skorað á lokasekúndu leiksins, aðeins örfáum sekúndum eftir að Lemgo hafði jafnað metin. Það var fyrsti sigur Bergischer síðan um miðjan september en liðið er aðeins einu stigi frá fallsæti.

„Þetta var erfitt um tíma enda töpuðum við alls ellefu leikjum í röð. Stemningin var því eðlilega ekki góð en það lyftist brúnin á öllum eftir sigurinn um helgina. Á morgun [í dag] er svo mikilvægur leikur við [B-deildarlið] Minden um sæti í Final Four í bikarnum. Það væri gríðarlega mikil lyftistöng fyrir okkur að komast þangað,“ segir Arnór sem hefur spilað með Bergischer síðan 2012 og í Þýskalandi síðan 2010.

eirikur@frettabladid.is



Landsliðsbræðurnir Aron Einar og Arnór Þór Gunnarsson.

Varaði þá við Íslandi

Arnór Þór Gunnarsson fylgdist vitanlega vel með þegar dregið var í riðla fyrir EM í fótbolta enda Aron Einar, bróðir hans, fyrirlíði landsliðsins. Ísland lenti þá í riðli með Portúgal, Austurríki og Ungverjalandi.

„Ég fylgdist með lýsingunni á Vísi. Það eru þrjú Austurríkismenn með mér í liði hér úti og einn Ungverji og þeir voru ánægðir með að vera með Íslandi í riðli. Ég sagði þeim að gæta orða sinna og að það yrði ekki auðvelt að spila við okkur,“ segir Arnór Þór.

Fjölskylda þeirra bræðra mun eins og svo margir aðrir Íslendingar halda til Frakklands í sumar og fylgja strákunum eftir. Líklegt er að Arnór verði sjálfur upptekinn með handboltalandsliðinu þegar Ísland mætir Portúgal í Saint-Etienne þann 14. júní en hann stefnir á að ná hinum tveimur leikjum Íslands í riðlinum.

Nýjast

Ólis-deild karla

FH Haukar 28-27

Markahæstir: Benedikt Reynir Kristinsson 9, Einar Rafn Eðsson 7/1 - Janus Daði Smárason 8, Tjörvi Þorgeirsson 7. FH batt enda á níu leikja sigurgöngu Hauka með eins marks sigri í dramatískum leik í Kaplakrika. Ágúst Elí Björgvinsson tryggði FH-ingum stigin tvö með því að verja lokaskot Hauka.

| Efst | Haukar | 30 | Neðst | Afturelding | 15 |
|----------|--------|----|----------|-------------|----|
| Valur | 26 | | Grótta | 14 | |
| Fram | 21 | | FH | 14 | |
| ÍBV | 17 | | ÍR | 11 | |
| Akureyri | 16 | | Vikingur | 6 | |

GEIRLÁTINN TAKA POKANN SINN

Geir Sveinssyni var í gær sagt upp störfum hjá þýska handboltaliðinu Magdeburg. Geir tók við liðinu sumarið 2014 og undir hans stjórn náði Magdeburg frábærum árangri á síðasta tímabili. Liðið endaði í 4. sæti þýsku deildarinnar og komst í bikarúrslit þar sem það tapaði fyrir Flensburg. Í kjölfarið fékk Geir nýjan samning til ársins 2017. Magdeburg hefur ekki náð að fylgja árangrinum í fyrra eftir en liðið situr nú í 11. sæti þýsku deildarinnar. Magdeburg tapaði með átta marka mun, 24-32, fyrir Göppingen á laugardaginn í síðasta leiknum undir stjórn Geirs.



GUNNAR FÉKK 10 MILLJÓNIR Gunnar Nelson fékk 75.000 dali, eða 9,7 milljónir króna, fyrir tapið gegn Demian Maia í UFC 194-barðagakvöldinu á laugardaginn. Gunnar tapaði bardaganum nokkuð sannfærandi á stigum en Maia fékk í heildina 20,1 milljón króna í verðlauna fyrir að vinna Gunnar. Hefði íslenski bardagakappinn hrósað sigri hefði hann fengið 19,4 milljónir króna í sinn hlut, eða 150.000 dali.

ÓLAFUR REKINN

Gærdagurinn var ekki góður fyrir íslenska þjálfara erlendis en Ólafur H. Kristjánsson var látinn taka pokann sinn hjá danska fótboltaliðinu Nordsjælland. Eigendaskipti urðu hjá félaginu og nýju eigendurnir ákváðu að ráða Kasper Hjulmand aftur til starfa en Ólafur tók við stjórnarfinu af honum í fyrra. Nordsjælland endaði í 6. sæti dönsku deildarinnar á síðasta tímabili en í ár hefur ekki gengið jafn vel. Nordsjælland hefur tapað síðustu þremur leikjum sínum og Ólafur skilur við liðið í 8. sæti deildarinnar. Þrjú Íslendingar eru á mála hjá Nordsjælland; Guðmundur Þórarinnsson, Adam Örn Arnarson og Rúnar Alex Rúnarsson.



Í dag

19.45 Hull - Reading Sport 2
19.15 Snæfell - Grindavík Sport

19.30 ÍR - Grótta Austurberg

OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II


ROLEX


MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. desember 2015

49. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Lars Seier
Christensen
stofnaði Saxo
Bank 1992

Hefur hug-
myndafræði
Ayn Rand að
leiðarljósi

Söðlar nú um
og vill fjárfesta
í nýsköpun

»6

Meira fé fari í lítil fyrirtæki



»2

**Á þriðja hundrað
milljónir í arð**
Eigendur ART Medica
fengu riflegar greiðslur
í fyrra.

»4

**Fyrsta hækkun í níu
ár í Bandaríkjunum**
Flestir búast við því
að seðlabanki Bandaríkjanna
hækki vexti.

»8

**Svipmynd:
Ingbór K. Einarsson**
Nýr fjársýslustjóri er að
reyna að koma sér af
stað í golfinu.

»10

**Vill tengja við laun
frekar en verðlag**
Lars Christensen skrifar
um verðtryggingu.

»12

Gott skref
Stjórnarmanninum
líst vel á skattaívilnan-
ir vegna fjárfestinga í
nýsköpun.


OAKLEY 2016



Gleraugu eru góð jólagjöf

Verð frá 12.700 kr.


Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

www.facebook.com/OpticalStudio

SKJÓÐAN



Ekki sama bankakerfi og fyrir hrun?

ÍSLENDINGAR virðast ætla að forðast eins og heitan eldinn að draga lærdóm af bankahruninu sem hér varð fyrir sjö árum. Vissulega var íslenska bankahrunið angi af alþjóðlegri fjármálakrisu sem lagði að velli fjölda heimsþekktra og virtra fjármálafyrirtækja en ekkert annað land mátti horfa upp á fjármálakerfi sitt hrynja til grunna nánast í einu lagi. Eitt-hvað hefur því verið sér á parti hér á landi.

REGLU- OG LAGAUMHVERFI fjármálastofnana hefur lítið sem ekkert verið breytt frá því fyrir hrun. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur fengið aukna fjármuni en þar hefur ekkert breyst – að minnsta kosti ekki til bóta. Í nokkur ár stýrði FME maður, sem varð uppvis að því að misnota aðstöðu sína á saknæman hátt til að reyna að klekkja á og ófrægja einstaklinga úti í bæ.

STOFNAD VAR EMBÆTTI sérstaks saksóknara, sem varið hefur mörgum árum í að sækja til saka suma stjórnendur og eigendur gömlu íslensku bankanna. Val á sakborningum virðist þó vera heldur handahófskennt. Dæmi um það er að annar bankastjóri Landsbankans hefur sætt ákæru í fleiri en einu máli og hlotið fangelsisdóm en hinn bankastjórinn þarf ekki einu sinni að ómaka sig til að mæta í réttarsal til að bera vitni, hvað þá að hann sé sóttur til saka.

ÞEGAR FRAM KOMU ásakanir um að einn æðsti stjórnandi Arion

banka hefði sem lykilmáður í Kaupþingi gerst sekur um innherjasvik með sölu á hlutabréfum í Kaupþingi 3. október 2008, komst FME að því að ekki hefði verið um innherjasvik að ræða, viðkomandi hefði ekki haft meiri innherjaupplýsingar en maðurinn á götunni. Yfirmenn hans í Kaupþingi voru þó dæmdir í margra ára fangelsi á grundvelli vitnisburðar þessa manns.

MAÐURINN SEM hafði að mati Hæstaréttar Íslands slíka yfirsýn yfir stöðu mála og athafnir æðstu stjórnenda í Kaupþingi þá orlagaríku daga sem liðu frá því Lehman Brothers féll 15. september 2008 þar til Kaupþing féll 8. október sama ár, að hægt var að byggja margra ára fangelsisdóma yfir fjórum mönnum á vitnisburði hans, hafði 3. október engar innherjaupplýsingar um bankann að mati FME. Þar réð slembilukkan ein að mati FME.

SAMI MAÐUR hefur úthlutað gömlum skólafélögum sínum hlutabréfum á afsláttarverði í fyrirtækjum sem Arion banki hefur selt úr eignasafni sínu. Eflaust verður það niðurstaða FME að þar hafi slembilukkan enn verið á ferð ef málið verður þá yfirleitt skoðað.

NÝJA BANKAKERFIÐ býr við sama regluverk og lagaumhverfi og gamla kerfið sem hrundi til grunna. FME virðist vera enn slappara en fyrr. En kannski erum við ekki að byggja upp sama bankakerfi og áður.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **GVA**

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is



Ellefu dægurlög er fyrsta sólóplata Grétars Örvarssonar og hefur fengið frábærar viðtökur. Hér flytur hann ásamt landsþekktum tónlistarmönnum og söngkonum þekkt dægurlög í nýjum og skemmtilegum útsetningum.

Grétar sýnir hér á sér nýja hlið sem söngvari og útkoman er sérlega vönduð og ljúf geislaplata sem unnendur fállegra dægurlaga ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Söluastaðir: **Nettó, Samkaup, Hagkaup, Penninn-Eymundsson**

Einnig er hægt að panta diskinn áritaðan með því að senda email á baxehf@gmail.com



Art Medica er eina stöðin sem sinnir tæknifrjögnum hér á landi. FRÉTTABLAÐID/GETTY

Eigendur Art Medica tóku 265 milljónir í arð

Hagnaður IVF Iceland sem rekur Art Medica, einu tæknifrjögunarstöðina hér á landi, dróst saman milli ára. Eigendurnir greiddu sér þó mun hærri arð.

Fyrirtækið IVF Iceland, sem rekur Art Medica, einu stöðina sem sinnir tæknifrjögnum hér á landi, hagnaðist um 56,3 milljónir á síðasta ári. Hagnaðurinn dróst saman milli ára, en hann nam 82,8 milljónum árið 2013. Greiddur var út arður upp á 265 milljónir króna árið 2014, samanborið við 44 milljónir árið 2013. Eignir námu 120 milljónum króna í árslok 2014, samanborið við 304,8 milljónir árið 2013.

Rekstrartekjur á árinu 2014 námu 60,4 milljónum króna, og lækkuðu um 33 milljónir króna milli ára. Skuldir í árslok námu 57 milljónum króna, samanborið við 33 milljónir króna árið 2013. Eigið fé nam tæpum 63 milljónum króna, samanborið við 271,7 milljónir króna í árslok 2013. Hlutfé félagsins í

árslok nam 6,6 milljónum króna. Hluthafar voru tveir í árslok 2014, þeir Guðmundur Arason og Þórður Óskarsson.

Gjaldskrárhækkanir urðu hjá fyrirtækinu í september síðastliðnum. Þá hækkaði glasameðferð um 37 þúsund krónur, úr 376 þúsund krónum í 413 þúsund krónur. Greint var frá því að mikil óánægja væri með hækkanirnar. Valborg Rut Geirsdóttir ritaði pistil þar sem hún gagnrýndi hækkanirnar. Hún benti á að Art Medica væri eina fyrirtæki sinnar tegundar á landinu og gæti því fólk ekki leitað annað nema þá erlendis. Í pistlinum sagðist hún vita af mörgum sem ekki hefðu efni á því að eignast börn þar sem lækni-aðstoðin kostaði allt of mikið.

Valborg gagnrýndi að hækkan-

irnar væru að eiga sér stað í ljósi þess að samkvæmt ársreikningi frá árinu 2013 ætti fyrirtækið 271 milljón króna í eigið fé og að eigendurnir tveir greiddu sér 44 milljóna króna í arð það ár.

Greint var frá því í síðustu viku að sænska fyrirtækið IVF Sverige hafi keypt Art Medica og muni leggja niður starfsemina og opna nýja tæknifrjögunardeild í Reykjavík í febrúar á næsta ári. Ný deild sem mun heita IVF klínikin Reykjavík verður rekin í samstarfi við fæðingar- og kvensjúkdómalæknana Snorra Einarsson og Ingunni Jónsdóttur, sem hafa bæði lært fagið og starfað við það í Svíþjóð, og Steinunni Þorsteinsdóttur lífeindafræðing.

saeunn@frettabladid.is

Vikan sem leið

100 þúsund bankamenn misstu vinnuna

Á árinu hafa tæplega 100 þúsund bankamenn misst vinnuna. Ellefu stærstu bankar Evrópu og Bandaríkjanna hafa skorið niður sem nemur 10 prósent af starfsmönnum sínum, samkvæmt greiningu Financial Times. Talið er að snjallforrit sem gera notendum kleift að greiða, lána, og fjárfesta á ódýrari, og fljótlegri hátt séu að leysa bankamenn af hólmi.

0,1 prósentis verðbólga í Bretlandi

Verðbólga mældist 0,1 prósent í nóvember í Bretlandi. Í október mánuði mældist hún hins vegar -0,1 prósent. Greiningaraðilar áttu von á að hún yrði í kringum núll prósent. Samgöngukostnaður, áfengis- og tóbaksverð yttu undir hærri verðbólgu.

230 milljónir iPhone-síma selst

Á viðskiptarárinu 2015 hafa 231,1 milljón iPhone-símar selst. iPhone-sala hefur farið ört vaxandi frá árinu 2007 þegar 1,4 milljónir eintaka seldust. Greiningaraðilar spá hins vegar að iPhone-sala muni dragast saman í fyrsta sinn árið 2016.

Á döfinni

Fimmtudagur 17. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS - Samræmd neysluverðsvísitala í nóvember.
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

Föstudagur 18. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala bygginga- og gjaldþrot í nóvember.
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Upplýsingar um leiguverð íbúðahúsnæðis

Mánudagur 21. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala lífeyris- og gjaldþrot í nóvember.
HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala kaupmáttar launa í nóvember.

Þriðjudagur 22. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS - Nýskráningar og gjaldþrot í nóvember.
HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala neysluverðs í desember 2015.

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vinnumarkaður í nóvember 2015

Miðvikudagur 23. desember

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Viðskipti í nóvember 2015.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Útungun alifugla í nóvember 2015.

keldan
dagatal viðskiptalífisins

visir Allar markaðsupplýsingar

ÞRJÁR
LAXVEIÐIÁR
Í EINNI BÓK

Þverá / Kjarrá og Litla Þverá



ÞRJÁR VEIÐIPERLUR
SAMAN Í EINNI BÓK

ÞVERÁ, KJARRÁ OG LITLA ÞVERÁ Í BORGARFIRÐI

Þverá / Kjarrá og Litla Þverá er enn ein perlan í bókaflökknum um laxveiðiár á Íslandi. Hérna er í fyrsta sinn fjallað um Þverá og Kjarrá ásamt Litlu Þverá sem eina heild og veiðisvæðinu lýst á einstaklega skemmtilegan og aðgengilegan hátt. Bókin er ómissandi viðbót í flokknum um veiði sem Litróf hefur staðið að á metnaðafullan hátt. Bókina prýðir fjöldinn allur af vönduðum ljósmyndum sem varpa ljósi á stórkostlegt umhverfi Borgarfjarðar ásamt kortum af veiðisvæðinu. Bókin Þverá / Kjarrá og Litla Þverá er langþráð viðbót í safnið um laxveiðibækur. Fæst í öllum helstu bókaeverslunum.

 **LITRÓF**
prentsmiðja

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík · Sími 563-6000 · www.litrof.is

Afdrifarík stýrivaxtaákvörðun hjá seðlabanka Bandaríkjanna í dag

Því er spáð að seðlabanki Bandaríkjanna muni hækka stýrivexti upp í 0,25 til 0,5 prósent í dag. Þetta yrði fyrsta stýrivaxtahækkunin í níu ár. Dollarinn gæti styrkst í kjölfarið og greiðslubyrði nýmarkaðsriks þyngst. Greiðslurnar gætu orðið sumum ríkjum ofviða.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Talið er nokkuð öruggt að Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, muni hækka stýrivexti í dag. Þetta mun vera fyrsta stýrivaxtahækkunin í níu ár.

Fjárfestar hafa spáð í það allt árið 2015 hvort komið sé að hækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum, en þeir hafa haldist óbreyttir milli 0 og 0,25 prósent frá því í desember árið 2008. Vextir hafa hins vegar ekki verið hækkaðir síðan í júní 2006. Vegna bættra efnahagsskýrða í Bandaríkjunum er talið líklegt að Yellen muni hækka þá í dag upp í 0,25 til 0,5 prósent.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, telur að allar líkur séu á að vextir hækki núna. „Það er búið að bíða í mikilli eftirvæntingu eftir þessum atburðum. Ég held að flestir meti það svo að bandarískt efnahagslíf standi nægilega vel til að þola hækkun vaxta. Enda hafa vextir ekki verið svona lágir svona lengi áður,“ segir Tjörvi.

Tjörvi telur að áhrifin geti orðið umtalsverð, sérstaklega ef vextir hækka í Bandaríkjunum en haldast óbreyttir í Evrópu. „Það getur haft áhrif, sérstaklega á þessi lönd í kringum nýmarkaðsriki sem hafa verið að taka verulega mikið af lánnum í Bandaríkjadali.“

Gengi dollara hefur verið að styrkjast gagnvart vel flestum gjaldmiðlum í heiminum undanfarið misseri. Tjörvi telur að gengið komi til með að halda áfram að styrkjast með stýrivaxtahækkun. „Eftir því sem vextir í Bandaríkjunum fara hækkanði og meðan þeir haldast óbreyttir á evrusvæðinu þá er líklegra að gengi dollarsins muni þá frekar styrkjast gagnvart evru en hitt, þó erfitt sé að spá um gengi gjaldmiðla. Þessi þróun er að mörgu leyti ágæt fyrir sum þessara ríkja af því að útflutningur þeirra til Bandaríkjadali mun líklega aukast.“

Greiðslubyrði nýmarkaðsriks, sem hafa frá árinu 2008 tekið lán og gefið út skuldabréf í Bandaríkjadöllum fyrir 3.300 milljarða Bandaríkjadali, kemur hins vegar til með að hækka. „Menn hafa áhyggjur af því að nú séu fyrirtæki víða um heim búin að ganga aðeins of hratt um gleðinnar dyr á undanförunum árum í því að skuldsetja sig. Það gæti reynst sumum þeirra þungt og jafnvel ofviða að standa skil á greiðslum,“ segir Tjörvi. „Menn hafa líka sérstaklega áhyggjur af því að mörg þessara fyrirtækja eru í orkugeiranum, þar sem vöruverðið hefur verið að lækka gríðarlega, þannig að þau eru að fá það áfall á sig í leiðinni. Það er kannski stærsta spurningarmerkið hvernig þau muni standa af sér þetta umrót sem verður núna bæði á vöxtum og gengi gjaldmiðla og öðru.“



Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, tilmálar um ákvörðun sína í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Það er búið að bíða í mikilli eftirvæntingu eftir þessum atburðum. Ég held að flestir meti það svo að bandarískt efnahagslíf standi nægilega vel til að þola hækkun vaxta.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

28% stjórnenda telja skort vera á starfsfólki

Þeim fyrirtækjum fjölga stöðugt sem telja sig búa við skort á starfsfólki. Nú telja 28 prósent stjórnenda, í könnun Samtaka atvinnulífsins meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins, skort vera á starfsfólki. Samanborið við könnunina fyrir tveimur árum hefur þeim fjölgað um 16 prósent.

Skortur á starfsfólki er langmestur í byggingarstarfsemi, þar sem tæplega 60 prósent stjórnenda telja skort ríkjandi, og þar á eftir í flutningum og ferðaþjónustu, rúmlega 40 prósent stjórnenda. Minnstur skortur á starfsfólki er í fjármálastarfsemi og sjávarútvegi. –sg



Minnstur skortur á starfsfólki er í fjármálastarfsemi og sjávarútvegi samkvæmt könnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Pizza 67 við Grensásveg var lokaður og mannlús þegar ljósmyndara bar að garði í hádeginu í gær. Öll ljós voru slökkt enda búið að taka rafmagnið af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lokað á Pizza 67 eftir að rafmagnið var tekið af

Lokað var fyrir rafmagn á veitingastöðum Pizza 67 við Grensásveg og Langarima í Grafarvogi í gær vegna skuldar. Þitsastaðirnir voru því lokaðir í gærmorgun en opnuðu á ný í gærkvöldi eftir að rafmagnsreikningurinn var greiddur. Staðurinn í Grafarvogi var opnaður fyrir ári en á Grensásvegi síðasta sumar.

Vísir greindi frá því í síðustu viku að P67 ehf., sem rekur veitingastaðina tvo undir merkjum Pizza 67, skuldaði starfsmönnum laun auk þess að hafa hvorki greitt lífeyrisjóðum né verkalýðsfélögum lögbundnar greiðslur. Anton Traustason, eigandi Pizza 67, sagði þá að allir starfsmenn fengu greitt en það tæki tíma.

Anton bar fyrir sig að opnun staðarins við Grensásveg hefði verið dýrari en áætlanir hefðu gert ráð fyrir. Of margir starfsmenn hafi verið þjálfaðir sem hafi svo lítið unnið. Þá hefðu afturvirkar kjarasamningshækkningar Eflingar komið illa við reksturinn. Hann var þess fullviss að gengi staðarins myndi snúast við enda væri desember stærsti mánuður ársins í skyndibitageiranum.

Anton vildi lítið tjá sig þegar Fréttablaðið ræddi við hann fyrir hádegi í gær og sagðist vera á fundi. Hann bað um að haft yrði samband við hann eftir hádegi en ekki náðist í Anton á ný þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. –ih



Skúli Eggert Þórðarson vonast til að skil ársreikninga batni verði frumvarp að lögum um ársreikninga samþykkt á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skattstjóri hótar fimm þúsund félögum sektum

Ríkisskattstjóri hefur gefið þeim hlutafélögum sem ekki hafa skilað ársreikningi frest til að gera það fram til 7. janúar. Fylgi þau ekki fyrirmælunum gætu þau átt von á sektum sem numið geta allt að hálfri milljón króna.

Embættið sendi bréf þess efnis á þau 4.932 hlutafélög sem ekki höfðu skilað ársreikningi þann 7. desember. Lögbundinn frestur hlutafélaga til að skila ársreikningi fyrir síðasta ári rann út þann 1. ágúst.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir skilin hafa farið batnandi síðustu ár. Tölurnar tala líka sínu máli þar. Sé lítið nokkur ár aftur í tímann sést að 81,1 prósent skilaskyldra félaga höfðu skilað ársreikningi þann 13. desember miðað við 80,7 prósent á sama degi fyrir ári og 72,1 prósent á sama degi árið 2010.

4.932

hlutafélög höfðu ekki skilað ársreikningi þann 7. desember

Skúli segir lögbundin skil ársreikninga vera tilkomin svo aðilar sem eigi í viðskiptum við félög geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeir vilji eiga viðskiptin.

Skúli á von á því að skil batni nái frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um ársreikninga fram að ganga. Skúli bendir á að samkvæmt því verði meðal annars heimildir til þess að slíta félög sem ekki hafi verið áður. –ih

Skil á ársreikningum til ársreikningaskrár

| Reikningsár | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-----------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Fjöldi ársreikninga skilað | 23.730 | 24.199 | 25.625 | 27.166 | 28.052 |
| Fjöldi félaga í skilaskyldu | 32.910 | 33.081 | 32.846 | 33.646 | 34.596 |
| Heildarskil | 72,10% | 73,20% | 78,00% | 80,70% | 81,10% |

JÓLAGJAFIR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK



VICTORINOX
SWISS ARMY

COAST
LIGHTS • KNIVES • MULTI-TOOLS
LÍFSTÍÐAR ÁBYRGÐ



LED lyklakippuljós
kr. 990,-



Fjölnotatól m/LED ljósi
kr. 7.900,-



Fjölnotatól m/ hníf
og 2x LED ljósum
kr. 8.900,-



Ghost II
kr. 3.400,-



Tactical Liner
kr. 3.400,-



Dark Force
kr. 5.900,-



HL3 LED höfuðljós
kr. 4.700,-



HL5 LED höfuðljós
kr. 5.600,-



HL7 LED höfuðljós
kr. 9.900,-



HL8 LED höfuðljós
kr. 16.900,-



G40 LED vasaljós
kr. 4.900,-



HP7 LED vasaljós
kr. 11.900,-



Escort
kr. 2.400,-



Classic m/isl. fána
kr. 4.300,-



Trawler
kr. 3.200,-



Bantam
kr. 3.200,-



Waiter m/isl. fána
kr. 4.400,-



Tourist
kr. 4.900,-



Vatnsheld ípadhlíf
kr. 12.990,-



Spartan Camo
kr. 6.200,-



Sentinel
kr. 6.400,-



Camper
kr. 6.400,-



Climber
kr. 7.900,-



Fisherman
kr. 9.500,-



Rescue Tool
kr. 18.900,-



Vatnsheld símahlíf
kr. 5.900,-



Back Roller City
Hjólátöskur
kr. 16.900,-



Back Roller Classic
Hjólátöskur
kr. 22.900,-



Back Roller Urban
Hjólátaska
kr. 14.900,-



Ultimate 6
Stýristaska
kr. 14.900,-



Messenger
Bakpoki
kr. 20.900,-



Velocity
Bakpoki
kr. 18.900,-



Rack Pack 31 lítra
Ferðataska
kr. 13.700,-



Margar gerðir og
stærðir af sjópökum
frá kr. 2.600 til 12.900,-



Hip Pack 3 lítra
Mittistaska
kr. 16.900,-



Sjúkrapoki 3
kr. 10.900,-



Supersport 8.5
kuldestígvél
kr. 24.990,-



Supersport 12.5
kuldestígvél
kr. 25.990,-



Puddle barnastígvél
kr. 7.900,-

FJALLI.IS

Í húsi Hirzlunnar - Smiðsbúð 6, Garðabæ - s.564-5040
Meira vöruúrval og ýtarlegri upplýsingar á www.fjalli.is



Lars Seier Christensen segir að það sé erfitt að reka fyrirtæki í Danmörku, að því leyti að þar eru háir skattar og almennt dýrt að lifa. Hins vegar sé reglugerðarumhverfið ekki flókið og tækniþekking mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Evrusvæðið er enn þá í tómu rugli

Stofnandi Saxo Bank í Danmörku ætlar að yfirgefa brúna og einbeita sér að fjárfestingu í nýsköpun. Rekur fyrirtækið á grundvelli hugmyndafræði rithöfundarins Ayn Rand. Telur jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Í Evrópu hafi menn ýtt vandanum á undan sér.

„Ég er mikill áhugamaður um Ísland. Áður en ég kvæntist hafði ég bara einu sinni verið í langtímasambandi og það var með íslenskrri konu, á níunda áratugnum, áður en það var hægt að kaupa bjór. Þá fór maður á Hótel Borg að skemmta sér á hverju kvöldi, segir Lars Seier Christensen. Lars og félagi hans, Kim Fournais, stofnuðu saman Saxo Bank árið 1992 og hefur Lars verið forstjóri bankans undanfarið ár. Hann ætlar að láta af störfum hjá bankanum um áramótin og fara að sinna öðrum fjárfestingum.

Lars var staddur hér á Íslandi í síðustu viku og hélt fyrirlestur um rekstur fyrirtækja í húsakynnum GAMMA. Í fyrirlestri hans kom meðal annars fram að hann hefur haft hugsjónir rússneska rithöfundarins og heimspækingsins Ayns Rand að leiðarljósi við rekstur fyrirtækisins.

Vinnur eftir heimspeki Ayns Rand

„Ég vil ekki að það hljómi of mikið eins og költ. En þú þarft að hafa gildi í fyrirtækjarekstri og ég held að það sé betra að hafa greinileg gildi en að fólk sé að giska á hver gildin séu,“ segir Lars Seier. Hann bendir á að eftir margra ára ihugun hafi Rand skilgreint sjö gildi sem hún taldi að væri kjarninn í tilvist mannsins og kjarninn í því að eiga gott og árangursríkt líf. „Hún hugsaði það fyrir einstaklinga en þessi gildi hennar eiga við um fyrirtæki líka. Þannig að við reynum að brýna það fyrir okkar fólk að tileinka sér þau í því sem fólk er að gera. Þetta eru engin geimvísindi en þetta er ágætis leiðarvísir um það hvernig við viljum að

fólk hegði sér innan fyrirtækisins og utan fyrirtækisins,“ segir Lars.

Hann útskýrir að þeir hafi verið tveir, félagarnir, sem hafi í upphafi sett fyrirtækið á laggirnar með 100 þúsund dali í banka og allir verið starfandi á sama staðnum. „En þegar við stækkuðum þá fjölgaði fólk og tók til starfa á mismunandi stöðum. Við vorum ábyggilega með fólk af 60 þjóðernum og í þeim aðstæðum held ég að það sé gott að hafa sameiginlegan skilning á því hvernig við viljum að fyrirtækið sé rekið og við vörðum því nokkrum tíma í að þróa þessa innri stefnu um það hvernig við viljum að fyrirtækið sé rekið, hvernig framkoman við viðskiptavinum okkar er og þess háttar,“ segir hann.

Er það þá þetta einstaklingshyggju-sjónarmið sem þið horfið til?

„Já, það er það. Við viljum að fólk líti á sjálft sig sem einstaklinga en að það sé þó hægt að vinna saman í hópum,“ segir Lars og bendir á að þótt fólk vinni saman í hópum þá beri hver og einn ábyrgð á eigin velgengni. „Við erum í umhverfi þar sem við verðlaunum fólk sem gerir vel og verðlaunum ekki fólk sem gerir ekki vel,“ segir Lars.

Þú byrjaðir ferilinn í Danmörku, hvernig var að byggja upp fyrirtæki þar?

„Það er flókið í Danmörku af því að þar eru háir skattar og almennt dýrt að lifa miðað við á mörgum öðrum stöðum,“ segir Lars. Aftur á móti sé reglugerðafarganið og skriffinnska ekki svo yfirþyrmandi þar og þar sé mikið framboð af fólk með mikla

tækniþekkingu. Hins vegar séu ekki svo mikil tækifæri fyrir viðskipti innanlands í þeirri starfsemi sem Saxo Bank rekur og því sé bankinn alltaf að leita út fyrir landsteinana. „Sem miðlarar þá erum við einungis með um fimm prósent af starfsemi okkar í Danmörku. Danmörk er því meira heimili okkar en vettvangur viðskipta,“ segir Lars Seier. Hann segir að það hafi því vissulega verið ágætt að byggja upp bankann í Danmörku. „En ef ég væri að byggja hann upp frá

●● „Ég vil ekki að það hljómi of mikið eins og költ. En þú þarft að hafa gildi í fyrirtækjarekstri og ég held að það sé betra að hafa greinileg gildi en að fólk sé að giska á hver gildin séu

Lars Seier Christensen

grunni, með þá vitneskju í farteskinu, sem ég hef núna, þá er ég ekki viss um að ég myndi velja Danmörku aftur. En við erum þar og við fáum góða þjónustu þar, þannig að við erum ánægð með að vera þar.“

Starfsmenn bankans eru núna um 1.500 í heildina. Þar af starfar rétt tæplega helmingur í Danmörku og hinn hlutinn er dreifður um allan heim. „Við erum með viðskipti í öllum heimsálfum nema Norður-Ameríku. Við erum með dálítið stóra aðstöðu í

Singapúr til þess að sinna viðskiptum í Asíu, við erum með nokkuð stóra aðstöðu á okkar eigin mælikvarða í Zürich, og svo erum við í London og smærri skrifstofur í mörgum öðrum löndum. Helmingur þeirra er í Vestur-Evrópu og helmingur á öðrum svæðum heimsins,“ segir Lars. Hann segir erfitt að eiga viðskipti í Ameríku. Helsta ástæðan sé sú að þar er markaðurinn bæði ófyrirsjáanlegur og flókið.

Með 26 skrifstofur um heiminn

„Þetta er skritin skepna. Þetta er nokkurs konar miðlunarkerfi. Nærri helmingur af starfsmönnum okkar er kerfisverkfræðingar og við höfum byggt upp þetta miðlunarkerfi á síðustu 20 árum sem gerir mönnum kleift að eiga viðskipti með hvers kyns eignir á ólíkum verðbréfamörkuðum víða í heiminum,“ segir Lars Seier þegar hann er beðinn um að lýsa starfsemi Saxo Bank. Hann nefnir sem dæmi hlutabréfaviðskipti, gjalddeyrisviðskipti, viðskipti með framvirka samninga, skuldabréf eða annað.

Saxo Bank er með 26 skrifstofur um heiminn og er með miðlunarkerfi á 30 mismunandi tungumálum. „Við erum rafrænir miðlarar en með banka í nokkrum löndum. Við erum því að hálfu leyti tækniyrirtæki en að hálfu leyti banki,“ segir hann og bætir við að það sé erfitt að skilgreina starfsemi bankans. „Við erum klárlega ekki hefðbundinn fjárfestingabanki í samrunum og yfirtökum og stórum gerningum. En við þjónustum stóra einstaklinga, vögunarsjóði og fagfjárfesta. Og við höfum hannað mjög fjölbreytt miðlunarkerfi sem fjármálafyrirtæki geta nýtt sér og notað undir eigin nafni við að þjónusta eigin viðskiptavinum. Við höfum hannað þetta kerfi fyrir 100 fjármálastofnanir,“ segir Lars. Á meðal þeirra sem noti þessi miðlunarkerfi þeirra séu stórir bankar eins og Barclays. Einnig sinni Saxo Bank þjónustu við marga smærri banka og sé meðal annars að leita viðskiptavina hér. Bankinn er í viðræðum við tvo íslenska aðila en Lars Seier vill ekki segja hverjir þeir eru. „Þeir verða að segja frá hverjir þeir eru.“

FÓLK

KYNNINGARBLAD



Ævintýrin heilla

Tinna Sigurðardóttir hefur ferðast til þrjátíu landa og allra heimsálfa nema Suðurskautslandsins. Hún er heilluð af ævintýraferðamennsku og finnst skemmtilegast að ferðast með innfæddum um fáfarnar slóðir. **SÍÐA 4**

BetterYou™

Eins og náttúran hafði í hyggju

Magnesium Oil Goodnight Spray

Sefurðu illa?

- Magnesiumsprey sem virkar strax!
- Slakandi, bætir svefn og slær á fótaóeirð og sinadrátt
- Frábær upptaka



Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is og á Facebook síðunni Better You Island

Fæst í flestum apótekum, Lifandi Markaði, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup og Systrasamlaginu



GAMALL DRAUMUR AÐ RÆTAST

ÆVINTÝRI Arna Ýr Jónsdóttir, Ungfrú Ísland 2015, er stödd í Sanya í Kína þar sem hún tekur þátt í Miss World. Keppnin fer fram á laugardagskvöld en langur og strangur undirbúningur hefur farið fram síðan í nóvember.

Arna Ýr var kosin Ungfrú Ísland í byrjun september og hlaut þá einnig titilinn Miss World Iceland. Arna er tvítug Kópavogsmær og segir upplifun sína í Kína mjög góða. „Mér líður æðislega vel hérna,“ segir hún og bætir við að tungumálið sé stærsti vandinn. „Heimafolk skilur ekki ensku og stundum getur það verið flókið en annars er allt yndislegt hérna og ég nýt hvers augnabliks,“ segir hún.

Þegar Arna er spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart, svarar hún: „Já, það kom mér á óvart hversu frábærar stelpurnar eru. Sömuleiðis hvað ég hef eignast góðar vinkonur á stuttum tíma. Það kom mér líka á óvart hversu vel ég hef staðið mig

andlega. Mér var sagt að þetta yrði erfitt. Ég gæti átt erfiða daga, fengið saknaðartilfinningu og orðið mjög þreytt. Mér hefur aldrei liðið illa hérna eða verið leið, þetta er miklu auðveldara en ég átti von á sem er frábært.“

VAKNAR KL. 5

Arna hefur staðið í ströngu undanfarnar vikur þar sem dagskráin er stíf. „Ég vakna yfirleitt klukkan fimm í síðasta lagi og er mætt í morgunmat klukkan hálf sjö. Æfingar hefjast klukkan sjö og eru allan daginn. Ef það er frí frá æfingum erum við í ferðum, viðtölum eða að sinna öðrum mikilvægum störfum,“ segir hún. Þegar við ræddum við Örnun var verið að byggja svið fyrir utan hótelið hennar ▶

GLÆSILEG Arna Ýr í Sanya. Hér áritar hún mynd af sér. MYND/MISS WORLD

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tryggðu þér áskrift á 365.is

365.is | Sími 1817

365

benecos
náttúruleg fegurð



Gefðu benecos
náttúrulega

Fæst í apótekum og heilsubúðum



► sem notað verður á laugardag þegar keppnin fer fram.

Arna hafði ekki langan tíma til að undirbúa sig fyrir ferðina þar sem stutt er síðan Ungfrú Ísland var haldin hér á landi. „Ég hafði tvo mánuði til að undirbúa mig og hef notað allan þann tíma vel,“ segir hún.

DRAUMUR Í LAUMI

Þegar hún er spurð hvort það sé gamall draumur að rætast að taka þátt í þessari keppni, játar hún því. „Já, svona í laumi. Ég hafði alltaf áhuga en talaði aldrei um það. Svo þetta er gamall draumur að rætast en fáir vita það.“

Arna Ýr var aðeins tíu ára þegar Unnur Birna Vilhjálmisdóttir var kjörin Miss World árið 2005 eða fyrir tíu árum. Arna segist muna vel eftir þeirri stundu. „Ég sá ekki sólina fyrir henni. Hugsanlega kveikti sú upplifun áhuga minn á Miss World,“ segir Arna sem verður á stífum æfingum í Sanya næstu daga. „Það eru spennandi dagar fram undan, fullir af spennungi, þreytu en samt gleði og hamingju.“

HVAR VERÐA JÓLIN?

Ef Arna kemst í úrslit, það er topp fimm, þarf hún hugsanlega að vera viku lengur í Kína eftir að keppni lýkur. Þá þarf hún að halda jólin þar. Henni er sama um það. „Jólin koma alltaf aftur en þessi einstaka lífsreynsla er eitthvað sem ég ætla að taka með mér hvert sem ég fer og njóta meðan á henni stendur,“ segir hún. Ef hún kemst ekki áfram getur hún notið jóllanna heima í faðmi fjölskyldunnar. Hins vegar er aldrei að vita hvaða tækifæri bjóðast í framtíðinni. „Það hefur ýmislegt breyst í lífi

mínu eftir að ég hlaut titilinn Ungfrú Ísland, til dæmis þessi ferð til Kína. Ég hef kynnst yndislegu fólki, 120 stúlkum frá mismunandi menningarheimum en sjálf hef ég ekkert breyst. Ég vil halda í það sem ég geri og mín framtíðarplön,“ segir Arna en hún kom mjög vel út úr svokölluðu dómaraviðtali. „Nú er bara að gera mitt besta á sviðinu og njóta.“

Þess má geta að Linda Pétursdóttir, Miss World 1988, er dómari í þessari keppni og því stödd í Sanya ásamt dóttur sinni, Ísabellu. Keppnin verður sýnd í beinni útsendingu á laugardag en talið er að rúmlega milljarður manna fylgist með henni. Sex fyrrverandi Miss World stúlkur eru meðal dómara.

GOTT GENGI

Íslendingar eiga þrjár Miss World stúlkur og keppnin vekur ávallt athygli. Þetta er 65. keppnin en frá árinu 2003 hefur hún verið haldin í Kína. Sanya er ákaflega glæsilegur strandstaður á eyjunni Hainan og vinsæll ferðamannastaður. Það ætti því ekki að væsa um stúlkurnar á þessum fallega stað. Landslagið þykir einstakt í Sanya og hótelið, þar sem stúlkurnar dvelja, sannkallaður lúxus.

Þegar rætt var við Örnú Ýri eftir keppnina hér heima í september, sagði hún: „Eftir fimm ár sé ég mig sem hamingjukonu og reynslunni rikari. Búin að ferðast um heiminn og hef tekið þátt í góðgerðarstörfum erlendis. Eftir fimm ár verð ég háskólanemi í hjúkrunarfræði að stefna á ljósmóðurina hvort sem það verður hér á Íslandi eða erlendis.“

■ elin@365.is



GAMAN Það er mikið um að vera alla daga. Hér er Arna til vinstri ásamt vinkonum sínum í Sanya. MYND/MISS WORLD



FALLEGT LANDSLAG Þessa mynd setti Arna Ýr inn á Facebook-síðu sína. Það er gríðarlega fallegt í Sanya. MYND/EINKASAFN



ALLTAF FLOTT Linda Pétursdóttir, Miss World 1988, er dómari í keppninni í ár. MYND/EINKASAFN LINDU

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölu menn: **Atli Bergmann**, **Bryndís Hauksdóttir**, **Jóhann Waage**, **Jón Ívar Vilhelmsson**, atlib@365.is, bryndis@365.is, johannwaage@365.is, jonivar@365.is



Veldu rétt

HVERNIG HANGIKJÖT VILTU UM JÓLIN?



Tadreykt hangikjöt

ÞAÐ BRAGÐMIKLA

SS býður nýja vöru, tadreykt hangikjöt. Kjötið er verkað eftir gömlum íslenskum aðferðum sem hafa verið notaðar um aldir í sveitum landsins. Kjötmeistarar velja kjötið af kostgæfni, það er pækilsaltað og reykt við tað þar til réttum lit, bragði og áferð er náð.

Þeir sem vilja gamaldags þjóðlegt hangikjöt með miklu bragði ættu að velja Tadreykta hangikjötið frá SS.



Tindfjallahangikjöt

ÞAÐ LJÚFFENGA

Þessi gullverðlaunavara er tvíreykt, þurrkuð og söltuð með sjávarsalti. Verkunartíminn getur verið allt upp í 3 mánuðir en lærið heldur áfram að verkast og batna með tímanum, ársgamalt er úrvals. Tindfjallahangikjetinu er pakkað í lofttæmdar umbúðir og sett í sérsaumaðan strigapoka og er sælgæti sem borðað er hrátt.

Hentar sérstaklega vel sem forréttur eða smáréttur og er tilvalið í jólapakkann eða til þess að hafa uppi við á aðventu og bjóða gestum og gangandi jólabita.



Birkireykt hangikjöt

HÍÐ BRAGÐMILDA

Birkireykta hangikjötið frá SS er sigilt og löngu landspekkt. Það er aðeins framleitt úr fyrsta flokks hráefni. Við reykingu er notað íslenskt birki.

Þeir sem vilja mjúkt, safaríkt og bragðmilt hangikjöt ættu að velja Birkireykta hangikjötið frá SS.

SJÁIÐ JÓLAÚRVALIÐ INNÁ HEIMASÍÐU SS, SS.IS

MYCONCEPTSTORE

FALLEGAR JÓLAGJAFIR



Plötuspilari
Verð frá 34.900,-



Rains regnfatnaður
Verð frá 15.500,-



Hnettir
Verð frá 5.900,-



Tré úr
Verð frá 19.900,-



Fallegar töskur frá
Forbes & Lewis



Marshall hátalarar
Verð frá 39.900,-



Tölvutaska
Verð frá 19.900,-



Marshall
headphone
19.900



Loðkragar frá
14.900,-



Úr frá Briston
Verð frá 33.900,-



Skartgripir í miklu úrvali



Rains Töskur
Verð frá 12.900,-



Glerbox frá
Verð frá 4.900,-

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS!

Eitt kort
35 vötn
6.900 kr

Frelsi til að veiða!

VEIÐIKORTIÐ
2016

www.veidikortid.is



GOTT BAÐ Í Nepal baðaði Tinna sig oft í ám í samneyti við froska og jafnvel fíla. Ævintýramanneskjan sem hún er þurfti hún að gera fílabaðferð enn meira spennandi með því að kasta sér beint á magann ofan í svalt vatnið.

EKKERT STRESS UM JÓLIN

20% afsláttur
AF SLÖKUN Í DESEMBER

Gledileg jól

Tilboðið gildir í flestum apótekum og heilsubúðum

**SMÁRÉTTA HOT PLATE
OG GOS** ~~2.020~~ **1.616**

15.-23.des

Culiacan
MEXICAN GRILL
Sæbúðindubraut 4a
www.culiacan.is

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember

3

FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í VETUR

Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á 365.is

365

Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

ELSKAR ÆVINTÝRI

FERÐALANGUR Tinna Sigurðardóttir hefur komið til þrjátíu landa og allra heimsálfa nema Suðurskautslandsins. Hún hefur starfað við ævintýraferðamennsku sem heillar hana mest. Hún stundar nú nám í viðskiptafræði í Ástralíu.

Tinna hefur alltaf haft unun af því að ferðast og hefur mikinn áhuga á tungumálum, ólíkum menningarheimum og því að kynna fólk frá öllum löndum heims. „Ég reyni að komast til útlanda einu sinni til tvisvar á ári en annars ferðast ég líka mikið innanlands,“ segir Tinna sem hefur unnið við ferðamennsku á Íslandi í yfir tíu ár bæði á söluskrifstofu og sem ævintýraleiðsögumaður.

MEÐ INNFÆDDUM Í NEPAL

„Bestu ævintýrin má upplifa á Íslandi en af öðrum löndum er Nepal í uppáhaldi. „Menningin og fólkid er svo frumandi en samt svo vinalegt. Náttúran er einstök og í uppáhaldi hjá mér er að fara á kajak niður jökulár sem er svo mikið af í Himalajafjöllunum.“

Tinna forðast troðnar slóðir og þótti því best að umgangast innfædda og ferðast með þeim. „Eitt sinn fór ég með innfæddum vini mínum lengst út í sveit til að gista hjá fjölskyldu hans. Ég fékk „gestaherbergið“ sem var hrísgrjónageymsla þar sem þau geymdu líka hænsnin á nóttunni. Þar fékk maður að sofa á steypu gólfinu með smá bast sem dýnu,“ rifjar hún upp og minnst þess einnig þegar hún kom í afskekkt þorp. „Íbúarnir urðu svo ánægðir að fá Íslending í heimsókn að þeir ákváðu að slátra geit í matinn, en það gerist bara á hátíðarstundum,“ segir hún glaðlega.

HUGLEIÐI Á INDLANDI

Sú ferð sem er Tinna efst í huga núna er ferð sem hún fór til Indlands fyrir um ári. „Þá fór ekki jafn mikið fyrir ævintýrum í náttúrunni og oft áður heldur fór ég í tíu daga hugleiðslubúðir úti í sveit.“ Í þessum hugleiðslubúðum lifði Tinna eins og munkur, vaknaði klukkan fjögur og fór að sofa klukkan níu á kvöldin. „Tekin var djúp hugleiðsla allan daginn í klukkutíma hollum og pásunum inn á milli. Takmarkið var að sitja alveg kyrr og hugleiða á litlum púða á gólfinu. Maður mátti ekki tala neitt, varð að

vera klæddur á högværan hátt og alveg bannað var að skreyta sig með skartgripum, málningu eða vera með ilmvatn. Þá mátti maður ekki vera með neitt nammi eða snarl, allt áfengi var bannað, tónlist, tölvur, símar og bækur. Allt til þess að ná að tengjast sjálfum sér án truflunar.

Tinna segir reynsluna erfiða. „Það var lítið mál að sleppa þessum nútímaþægindum en erfið að þurfa að díla svona við sjálfan sig allan sólarhringinn í tíu daga.“

KÚKAÐ Í POKA

Tinna flutti til Ástralíu í febrúar 2014 til að læra viðskiptafræði. Hún hefur ferðast víða um landið en í uppáhaldi er Tasmanía.

„Síðasta sumar, það er í febrúar 2015, fékk ég vinnu sem flúðaleiðsögumaður á Franklin River, en farnir eru tíu daga leiðangrar í stærsta þjóðgarðinum. Farið var lengst inn í óbyggðir skógarins og ferðast með allan þann útbúnað og mat sem til þurfti á bátunum,“ segir Tinna og lýsir því að strangar reglur gildi í þjóðgarðinum. Til dæmis megi ekki kúka úti í náttúrunni. „Við þurftum að kúka í glæran frystipoka sem maður setti svo í stóran svartan ruslapoka, sem varð nokkuð þungur eftir hvern dag enda kunnarnir tíu og leiðsögumennirnir þrír. Svarti pokinn var svo settur í stóran þurrpoka sem við ferðumst með okkur. Í lokin var eina leiðin út úr þjóðgarðinum annaðhvort með skútu eða sjóflugvél og fylgdi pokinn okkur alla leið í byggð,“ segir Tinna og hlær að minningunni.

Hún segir allt annað að fara niður árnar í Tasmaníu en á Íslandi. „Þarna þurfti mikið að spá í þröngum leiðum milli steina og trjáa og ég lærði mikið í nýrri tækni á hverjum degi,“ segir Tinna sem svaf á uppblásinni dýnu undir berum himni. „Ég hef aldrei séð jafn mikið af stjörnum,“ segir hún dreymin en hlakkar til að ljúka námi og fá að takast á við íslenska náttúru á ný. ■ solveig@365.is



HUGLEITT Á INDLANDI

Tinna fór í tíu daga hugleiðsluferð til Indlands þar sem hún þurfti að sitja kyrr á litlum púða stóran hluta dagsins og sleppa allri nútímatækni og þrjáli.

Í NEPAL

„Ég fékk „gestaherbergið“ sem var hrísgrjónageymsla þar sem þau geymdu líka hænsnin á nóttunni. Þar fékk maður að sofa á steypu gólfinu með smá bast sem dýnu.“

IDA



Lækjargata 2a sími 511-5001 og Vesturgata 2a Reykjavík. Opið 9-22 alla daga

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefti, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Verslun



We-Vibe 4 - unaðstæki ársins meðal para ár eftir ár

www.hush.is

GEFÐENNI GOTT Í SKÓIN

Pú færð We-Vibe fyrir pör - vinsælasta unaðstæki í heiminum og allar flottustu vörurnar á www.hush.is Netgíró, greiðslukort og millifærsla

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð. Nuddstofan, opið frá 10-19. og um helgar. S. 855 3199


SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Dýrahald



TIL AFHENDINGAR FYRIR JÓL

Besta jólagjöf fjölskyldunnar. Gullfallegir íslenskir fjárhundshvolpar til sölu. Heilsufarskýrteini og ættbók frá Hrfi. Nánari upplýsingar á <https://www.facebook.com/stokkseyrarselbreeding/> raga@nett.is og í síma 5668778

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!

129 - 5000 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilslóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði



SÓMI

Óskum eftir að ráða bílstjóra í dreifingu hjá okkur,framfarastarfr, vinnutími er frá 5.00 til ca 11.00 alla virka daga og laugardaga frá 7.00. Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og heilsuhausstur. Þarf að geta byrjað strax.

Tekið við umsóknum á staðnum eða á siggi@somni.is Sóni ehf, Gilsbúð 9. Garðabæ.

LEBOWSKI BAR

óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIDI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál




SKYNDIKYNNI

Karlar: 905-2000 / 535-9920 Konur og karlar auglýsa frítt: 535-9923

ERT ÞÚ DJÖRF KONA?

Viltu skemmta þér í góðra vina hóp hjá Íslendingum.eu? Sláðu inn "djarfarkonur.eu"



fasteignir



ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17. Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Laugateigur 14 - Efri hæð ásamt bílskúr.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

Þjört og vel skipulögð 120,8 fm. 4ra herbergja íbúð á efri hæð í virðulegu fjórþýlishúsi við Laugateig auk þriggja sér geymslna í kjallara og 28,8 fm. bílskúrs. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra á sl árum, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla og settar nýjar stórar svalir til suðurs útaf stofum. Samliggjandi rúmgóðar stofur og tvö herbergi. Sameign er öll mjög snyrtileg og stigahús er nýteppalagt og málað. Verð 53,9 millj. Verið velkomin.

Rauðalækur 32 - 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

97,5 fm. hæð ásamt 29,8 fm. bílskúr á þessum vinsæla stað við Rauðalækinn. Hæðin er með sameiginlegum inngangi með tveimur öðrum íbúðum. Stofa með útgengi á yfirbyggðar svalir til suðvesturs. Tvö svefnherbergi. Sameign er snyrtileg með sameiginlegu þvottahúsi í kjallara. Frábær staðsetning í göngufæri við Laugardalinn. Verð 34,9 millj. Verið velkomin.

til sölu

VERSLUNARTÆKNI

Þráðlausar IP myndavélar fyrir fyrirtæki og heimili

Tilboð

Pakki A
4 myndavélar og upptökutæki.
720P upplausn.
IP66 veður og vatnsheldar.
Einfaldar í uppsetningu.
Hugbúnaður fylgir.

89.000,- kr. án vsk

Tilboð

Pakki B
4 myndavélar og upptökutæki.
720P upplausn.
IP66 veður og vatnsheldar.
Einfaldar í uppsetningu.
Hugbúnaður fylgir.

69.000,- kr. án vsk

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

NÝTT APP SEM HLJÓMAR VEL

BUBBI OG Spáðrottningarnar 18 KONUR

Áskrifendur 365 fá tveggja mánaða áskrift að Tónlist.is og nýttkomna plötu Bubba Morthens, 18 konur.

Tilboðið gildir til 31. des. 2015 fyrir áskrifendur að völdum tilboðspökkum 365.

Tónlist

365

SUNNUDAGA

2
ATVINNUMENNIRNIS
OKKAR

NÝ
ÞÁTTARÖÐ

MÍÐVIKUDAGA

HEIMSÓKN

ÞÆR
TÆR

Ástríður 2

Sígildar
þáttaraðir
á Gullstöðinni

MÍÐVIKUDAGA

flesh and bone

NOVEMBER 8 STARZ

LAUGARDAGA

SPILAKVÖLD

FIMMTUDAGA

EYÐÓRS

MÁNUDAGA

THE ART OF MORE

HUNGER GAMES

Logi

Bíómyndir
allan sólar-
hringinn

FÖSTUDAGA

Logi

SUNNUDAGA

LAND

OCT 4 SHOWTIME

MARAFON

Taktu marafon af Sopranos eða Mad Men. Á Stöð 2 Marafon finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.

FIMMTUDAGINN 17. DES.

VICTORIA'S SECRET
FASHION SHOW

LAUGARDAGA

MEÐ
AFA

GJÖF TIL
ÁSKRIFENDA
Áskrifendur
fá tveggja mánaða
áskrift að Tónlist.is
og nýútkomna plötu
Bubba Morthens,
18 konur.*

LAUGARDAGINN 26. DES.

Ásger

ENDALAUST TAL
1 GB Í GSM*
1.990 kr.

Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

365

Þeir sem eru áskrifendur að Skemmtipakkanum geta notið fráberrar dagskrár okkar á aðventunni og um hátíðarnar. Nýjar og sígildar kvikmyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fjöruget talsett barnaefni. **Njóttu Skemmtipakkans í desember.**

365.is
Sími 1817



9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag



Krakka
Stöðin



BRAVO

Vild



*Fylgir öllum tilboðspökkum 365.

Hrifinn af Íslandi

Lars fer ekki leynt með hrifningu sína af landi og þjóð og segir Íslendinga mjög framtakssama, þótt einhverjir hafi farið fram úr sér á árunum fyrir hrún. „Við fylgjumst með því sem er í gangi hér og ég held að það séu mörg jákvæð teikn á lofti í hagkerfinu,“ segir hann. Hann hafi rætt við fullt af fjárfestum hér sem hafi séð mörg áhuga-verð fjárfestingatækifæri. „Auðvitað eru allir að bíða eftir þeim degi þegar hægt er að afnema fjármagnshöftin, en ég held að fólk sé mjög bjartsýnt og það er mjög jákvætt.“

Hann segist telja að þegar litíð sé yfir heiminn í heild þá hafi ekki verið gert nógu margt til að leysa þann vanda sem blasti við árið 2008. „Sums staðar er allt of mikil skuldabyrði, evrusvæðið er enn þá í tómu rugli og við höfum ekki leyst vanda Grikkja. Við höfum ekkert leyst mörg vandamál. Við höfum meira verið að fresta þeim. Þannig að mér finnst við ekkert vera komin út úr skóginum enn,“ segir hann. Það sé vont að horfa til þess að vaxtastigið í heiminum sé óheilbriggt og það geti leitt til meiri skuldsetningar og nýrra bóla. „Verð á skuldabréfamarkaði er allt of hátt miðað við þá áhættu sem þar er verið að taka og það er í raun erfitt að finna skynsamlega fjárfestingu nú um stundir,“ segir Lars Seier. Þetta megi meira að segja í Kaupmannahöfn þar sem eignaverð rýkur upp.

Miklar breytingar fram undan

Lars segir þetta meðal annars ástæðu þess að hann er að gera miklar breytingar á lífi sínu. „Ég hætti sem forstjóri í bankanum og ætla að fara að einbeita mér að ýmsum öðrum fjárfestingum,“ segir hann. Hann vill fjárfesta í meðalstórum og smáum félögum. „Þar eru spennandi hlutir að gerast. Og þar er nýsköpunin og þar er verið að skapa störfin,“ segir hann. Hann telur að nýsköpunarfyrirtæki standi frammi fyrir vanda við að fjármagna sig. „Bankar þora ekki mikið að lána um þessar stundir og í rauninni fara 80 prósent af fjármagni í heiminum til 20 prósentu fyrirtækja,“ segir hann. Þetta skapi mikinn vanda í rekstrarumhverfi start-up-fyrirtækja og frumkvöðla. Á hinn bóginn skapi

þetta mikil tækifæri fyrir fólk eins og hann sem vill fjárfesta í slíkum verkefnum. „Það er mikið af góðum hugmyndum þarna úti. Það er verið að leita að fjármagni og fólk eins og mér sem getur hjálpað til, komið með einhverja sérþekkingu inn og auðvitað líka fjármagn, þannig að ég held að það séu mjög mikil tækifæri þarna,“ segir hann.

Það sé vandamál hve stórt hlutfall fjármagns fari í gegnum stærri fyrirtæki sem skapi ekki störf og bæti engu við vöxtinn í hagkerfinu. Stærstur hluti starfa verði til hjá litlu og meðalstóru fyrirtækjunum og því þurfi að hlúa að þeim. Hann telur að það sé að verða hugafarsbreyting þarna á. „Æ fleiri vilji setja peningana sína í nýsköpun og það sé jákvætt. „En auðvitað er áhættan þarna mjög mikil,“ segir hann og bendir á að flest fyrir-

Bankar þora ekki mikið að lána um þessar stundir og í rauninni fara 80 prósent af fjármagni í heiminum til 20 prósentu fyrirtækja,

Lars Seier Christensen

tækin sem verði stofnuð muni ekki skila neinu af sér. Nokkur þeirra muni hins vegar skila einhverju af sér. Einstaka fyrirtæki muni svo skila mjög mikilli velgengni. Allur kostnaðurinn við fyrirtækin sem klinki verði borgaður með þessum stöku fyrirtækjum sem skila árangri. „Það er auðvitað erfitt að spá um hvert þeirra mun ná árangri. Því ef þú gætir spáð um það þá væri lífið nú frekar létt,“ segir hann.

Vill meira frjálshyndi í stjórnmálum

Lars Seier Christensen fylgist vel með dönskum stjórnmálum. En hann hefur ekkert sérstaklega mikið álit á þeim. Telur þau reyndar frekar stöðnuð. „Þú ert með sex eða sjö flokka sem eru allir að gera það sama,“ segir hann. Það skipti engu máli hvort sósíaldemókratarnir eða Venstre (sem er mið-hægri flokkur) séu við völd. Það var þess vegna sem hann fór að fá aftur áhuga á stjórnmálum eftir að hann fluttist til Danmerkur á tíunda áratugnum. Og hafði enga sannfæringu fyrir þeim flokkum sem voru fyrir, sem allir töluðu fyrir sterkum opinberum geira og lögðust gegn skattalækkunum.

„Ég taldi að Danmörk þyrfti á einhverju nýju að halda. Við erum með hæsta skattahlutfall í heimi. Við erum með næststærsta opinbera kerfið í heimi á eftir Noregi og ég taldi að við þyrftum að fara aðra leið,“ segir Lars Seier. Hann taldi nauðsynlegt að lækka skatta, gera rekstrarumhverfið meira aðlaðandi fyrir fjárfesta. Og til að skapa störf þá þyrfti að gera opinbera kerfið skilvirkara. „Við erum með óskilvirkasta opinbera kerfi í öllum heiminum. Við þurfum að koma fólk úr aðstæðum þar sem það er á félagslegum bótum og í kerfi þar sem það er í störfum sem skipta máli fyrir samfélagið. Enginn virtist vera að vinna í þá átt,“ segir hann.

Lars Seier segir að Liberal Alliance hafi því höfðað vel til sín þegar það varð til árið 2007. Flokkurinn hafi byrjað vel og komið ágætlega út úr fyrstu þingkosningum. En síðan hafi allir yfirgefið flokkinn nema tveir góðir þingmenn og flokkurinn ekki mælt með neitt fylgi. Lars segir að í þessum aðstæðum hafi hann gefið sig á tal við leiðtoga flokksins og lýst yfir vilja til að styðja við bakið á honum. Hópur fólks hafi sest niður og lagt línurnar að málefnafrundvelli flokksins. Hvernig ætti að byggja hann upp og hvernig ætti að markaðssetja hann. Ákveðið var að byggja stefnumál flokksins upp á fjórum meginþemum. Kraftist yrði lægri skatta, skilvirkara opinbers kerfis, betra viðskiptaumhverfis og meira einstaklingsfrelsis. Þetta skilaði flokknum 7,5 prósentum í síðustu kosningum.

„Ég tek ekki virkan þátt, hjálpaði til við að koma þessu af stað og hef hjálpað þeim við að fjármagna kosningabaráttuna. En ég hef aldrei ætlað mér að verða stjórnmálamaður eða taka sæti á þingi. Og nú þegar flokkurinn er kominn á rétta braut að þá hef ég engin afskipti af þessu,“ segir Lars Seier. Hann segist þó vera ákaflega stoltur af þeim árangri sem hafi náðst. Flokkurinn sé með þrettán þingmenn og sé jafnvel að bæta við sig í skoðanakönnunum.



Hver var Ayn Rand?

Ayn Rand var rithöfundur, heimspekingur, leikritskáld og handritshöfundur. Hún var fædd í Rússlandi árið 1905. Rétt rúmlega tvítug fluttist hún til Bandaríkjanna, þar sem hún hóf skriftir en sinni jafnframt margvislegum öðrum störfum til að framfleyta sér. Þekktustu skáldsögur Ayn Rand voru Uppsprettan (The Fountainhead) sem kom upphaflega út árið 1943 og Undirstaðan (Atlas Shrugged) sem kom út árið 1957. Báðar bækurnar hafa selst í milljónum eintaka um allan heim og verið gefnar út í íslenskrri þýðingu. Rand er þekktust fyrir heimspekistefnu sem kölluð er hlutlægnishyggja eða objectivism. Hún hafnaði heildarhyggju og ríkishyggju, en aðhylltist frjálshyggju og var talsmaður einstaklingsréttinda.

Stefján Máni

eins og hann gerist bestur!



„Fléttan er afspyrnuvel byggð upp [...] ferlega góður spennulestur“

Auður Haralds, Virkir dagar á RÚV



„Óhugnanlega vel skrifuð, vel fléttuð og spennandi saga.“



Brynhildur Björnsdóttir í Fréttablaðinu

„Mjög flinkur höfundur.“

Sigurður Valgeirsson og Sunna Dís í Kiljunni

„Maður sogast inn í heillandi brylling [...] Hrikalega vel plottuð og uppbyggð.“

Baldvin Z leikstjóri



Kvikmyndarétturinn seldur!



GUÐRÚN AGNES
ÞORSTEINSDÓTTIR



Skipuð yfir úrskurðarnefnd velferðarmála

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir hefur verið skipuð formaður nýrrar úrskurðarnefndar velferðarmála til fimm ára. Nefndin tekur til starfa 1. janúar næstkomandi.

Guðrún Agnes verður jafnframt forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar.

Guðrún Agnes lauk lögfræðiþrófi frá Háskóla Íslands árið 1991. Hún hefur frá árinu 2008 verið framkvæmdastjóri úrskurðarnefndar almannatrygginga. – sg

KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR



Í stól forstjóra hjá Mentor

Kristín Pétursdóttir hefur verið ráðin forstjóri upplýsingatækni-fyrirtækisins Mentors ehf. og tekur hún til starfa í janúar 2016.

Kristín Pétursdóttir er annar stofnenda og fyrrverandi forstjóri Auðar Capital. Kristín var aðstoðarforstjóri hjá Kaupþingi Singer & Friedlander í London árin 2005-2006 og framkvæmdastjóri fjárfestingar Kaupþings frá 1997-2005. Kristín er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum frá Handlungshögskolen i Bergen. – sg

ÞRÖSTUR EYSTEINSSON



Skógræktarstjóri um áramótin

Þröstur Eysteinnsson hefur verið skipaður skógræktarstjóri til fimm ára frá 1. janúar næstkomandi. Þröstur hefur frá árinu 2003 starfað sem sviðsstjóri Þjóðskóganna hjá Skógrækt ríkisins. Þröstur lauk doktorsþrófi í skógarauðlindum frá háskólanum í Maine í Bandaríkjunum og meistaragráðu í skógræði frá sama skóla. Áður en hann tók við stöðu sviðsstjóra Þjóðskóganna starfaði hann sem fagmálstjóri Skógræktar ríkisins. – sg



Ingþór Karl Eiríksson hefur starfað hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu síðustu sjö ár. FRÉTTABLAÐID/GVA

Nýtur stangveiða og að skíða

Ingþór Karl Eiríksson tekur við embætti fjársýslustjóra þann 1. janúar næstkomandi. Hann hefur starfað hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu síðustu sjö ár sem sérfræðingur og verið tengiliður við Fjárfélagsluna. Utan vinnu stundar hann skíði og stangveiði með fjölskyldunni og er að reyna að koma sér af stað í golfinu.

SVIPMYND

INGÞÓR KARL EIRÍKSSON

Ingþór Karl Eiríksson var á dögunum skipaður í embætti fjársýslustjóra til fimm ára. Hann tekur við starfinu 1. janúar næstkomandi. Hann segir starfið leggjast mjög vel í sig. „Þetta er lykilstofnun á sviði opinberra fjármála og spennandi verkefni að fara að takast á við,“ segir Ingþór.

Fjárfélagsluna ríkisins er lykilaðili í fjárfestingar og rekstri ríkisins. Hlutverk hennar er að stuðla að hagkæmri og árangursríkri starfsemi ríkisins með samhæfingu fjármála- og þjónustu við ríkisaðila. Stofnunin samræmir reikningsskil

ríkisaðila, tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál og starfsemi ríkisins og stuðlar að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun ríkissjóðs. Hún annast þróun og rekstur sameiginlegra upplýsingakerfa ríkisins á sviði fjárfestinga- og mannaútskýringa.

Ingþór Karl lauk cand. oecon.-þrófi af fjármálasviði viðskipta- og M.Sc.-gráðu í fjármálum fyrir tækja frá sama skóla árið 2012. Síðastliðin sjö ár hefur hann starfað sem sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þar hefur hann verið tengiliður ráðuneytisins við Fjárfélagsluna ríkisins og hefur borið ábyrgð á helstu mála-

flokkum stofnunarinnar fyrir hönd ráðuneytisins. „Ég er því í sama umhverfi, en Fjárfélagsluna er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir ráðuneyti,“ segir Ingþór.

Áður starfaði Ingþór Karl sem fjármálastjóri SMI ehf., sem sérfræðingur í fjárfestinga- og deildarstjóri fjárfestinga hjá Íslandsbanka, sem sérfræðingur í fjárfestinga- og deildarstjóri fjárfestinga hjá Eimskipafélagi Íslands ehf. og deildarstjóri fjárfestinga hjá Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.

Ingþór er kvæntur Lísu Björk Óskarsdóttur, rekstrarstjóra hjá ÍSAM, og eiga þau tvö börn. Utan vinnunnar segir Ingþór helsta málið vera samveru með vinum og fjölskyldu. „Þegar fritími gefst

stunda ég aðallega útivist með fjölskyldunni. Við ferðumst og stundum skíði og stangveiði, og svo hef ég aðeins verið að reyna að koma mér af stað í golfi,“ segir Ingþór. Hann segir engin sérstök svæði standa upp úr í veiðinni. „Ég reyni bara að stunda bæði laxveiði og silungsveiði.“ Fjölskyldan hefur stundað skíði á Akureyri í vetrarfríum barnanna og svo farið í Bláfjöll.

Ingþór tekur ekki við starfinu fyrr en á nýju ári. „Fram að því er verið að fara yfir mín verkefni með yfirmönnum mínum, loka því sem hægt er að loka og finna öðrum verkefnum farveg innan ráðuneytisins og fara yfir það hvernig þeim verður best fyrirkomid,“ segir Ingþór. saeunn@frettabladid.is

Tekjur af Star Wars svipaðar tekjum íslenska ríkisins

George Lucas, skapari Star Wars, er einn auðugasti maður í Hollywood. Hann hefur hagnast gríðarlega á Star Wars þar sem hann samdi við Fox-myndverid á sínum tíma um að þiggja lægri laun fyrir leikstjórn fyrstu myndarinnar gegn því að eignast allar framhaldsmyndirnar og réttinn á öllu tengdu efni.

Síðan þá hafa heildartekjur alls þess sem tengt er Star Wars numid um 3.700 milljörðum króna. Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Björns Bergs Gunnarssonar, fræðslustjóra VÍB, á fundi um fjármál Star Wars í gær.

Fram kom á fundinum að árið 2012 keypti Disney Lucasfilm (þar með talið Star Wars) af George

Lucas á um 530 milljarða íslenskra króna, sem er ekki fjarríki eignarhlut lífeyrissjóðanna á íslenskum hlutabréfamarkaði, eða um þriðjungur landsframleiðslu Íslands.


Það kemur ef til vill sumum á óvart að 46 prósent af tekjum af Star Wars koma úr leikfangasölu, en einungis 12 prósent úr miðasölu í kvikmyndahúsum. 19 prósent af tekjum koma frá VHS- og DVD-sölu, og 12 prósent frá tölvuleikjum. Nýjasti kaflinn í Star Wars seríunni, Star Wars: The Force Awakens er væntanleg í kvikmyndahúsi hér á landi í vikunni. Áætlaðar tekjur af Star Wars árið 2016 eru svipaðar fjárlögum íslenska ríkisins.

Disney sér mikla möguleika í

Star Wars. Hafist verður handa við smíði tveggja gríðarstórra skemmtigarða árið 2016 (í Flórída og Kaliforníu) og næstu sex árin kemur út af minnsta kosti ein mynd á ári. Ef allt gengur upp er áætlað að heildartekjur Star Wars verði yfir 3.000 milljarðar króna, en Disney fær þó að sjálfsgöðu ekki allt í vasann. – sg

530

milljarða króna fékk George Lucas fyrir Lucasfilm





TIL: *Rétta markhöpsins*

FRÁ: *Þínu fyrirtæki*

PÓSTDREIFING sér um að koma þínum fjölpósti inn á réttu heimilin í landinu, sex daga vikunnar – í tæka tíð.

postdreifing.is

Póst:dreifing

Við látum það berast



Markaðir
Jóhann Gísli
Jóhannesson
sjóðsstjóri hjá
GAMMA

Horfur á erlendum hlutabréfa-mörkuðum

Rúmum sjö árum eftir að fjármagnshöft voru sett á eru teikn á lofti um að á þeim verði verulega slakað á næsta ári eða þeim jafnvel aflétt að fullu. Við það opnast á ný tækifæri fyrir spari-fjáreigendur til að dreifa sparnaði sínum erlendis. Það ætti að vera mikið hagsmunamál fyrir almenning enda hafa innlend hlutabréf mikla fylgni sín á milli og þá sérstaklega þegar innlend efnahagsleg áföll eiga sér stað, en með því að fjárfesta erlendis að hluta minnkar kerfisáhætta hlutabréfa-safnsins verulega.

Árið 2015 hefur verið viðburðaríkt á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Helstu drifkraftar ársins hafa verið peningastefna seðlabanka í heiminum, miklar lækkanir á olíuverði, styrking Bandaríkjadal gagnvart flestum myntum og áhyggjur af Grikklandi og Kína. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur gefið til kynna að stutt sé í fyrstu vaxtahækkun þar síðan árið 2006 en á sama tíma hefur evrópski seðlabankinn verið að lækka vexti og hóf í mars á þessu ári að kaupa skuldabréf á evrusvæðinu fyrir 60 milljarða evra í hverjum mánuði með það að markmiði að yta undir lánveitingar og örva hagvöxt. Ástæða þessara andstæðu aðgerða er að hagkerfi Evrópu hefur verið tregt til að sýna merki um bata í samanburði við Bandaríkin.

Erfitt er að spá með vissu um hvar tækifæri næsta árs liggja. Flestir sérfræðingar virðast sammála um að evrópsk hlutabréf muni skila betri ávöxtun en bandarísk. Þessi skoðun er rökstudd með nokkrum atriðum. Evrópska hagkerfið virðist vera á upphafsstigum uppsveiflu en Bandaríkin eru lengra komin í sinni hagsveiflu. Auk þess er Seðlabanki Bandaríkjanna við það að hefja vaxtahækkunarferli sitt á meðan evrópski seðlabankinn mun að öllum líkindum halda vöxtum lágum og halda áfram uppköpum á evrópskum skuldabréfum. Verðlagning er einnig hagstæðari í Evrópu, en skýringin á því er sú að væntingar um vöxt í hagnaði eru hærra fyrir evrópsk fyrirtæki en bandarísk.

Helstu óvissuþættir næsta árs eru tengdir peningastefnu seðlabanka beggja vegna Atlantshafsins og lakari hagvaxtarhorfum í Kína. Þá þurfa íslenskir fjárfestar að hafa gjald-eyrishreyfingar sérstaklega í huga þar sem töluverðar sveiflur geta orðið á íslensku krónunni gagnvart öðrum myntum ef fjármagnshöftum verður aflétt.

Flestar sérfræðingar virðast sammála um að evrópsk hlutabréf muni skila betri ávöxtun en bandarísk.

Hin hliðin

Herdís Pála Pálsdóttir
framkvæmdastjóri



Nú er sá skemmtilegi árstími fram undan þegar margir fara að huga að skemmtilegum áramótaheitum.

Hér koma spurningar sem þú getur snúið upp í frábær áramótaheit.

Myndi ég ráða mig í starfið mitt, byggt á þeirri frammistöðu sem ég

Þingmenn beittu tárágasi í þingsal



Þingmenn stjórnarandstöðunnar kóstuðu tárágassprengju á þinginu í Pristina í Kósóvó á mánudag. Athæfið var nýjasta aðgerðin í langvinnnum mótmælum vegna samninga sem stjórnvöld í Kósóvó hafa gert við Serba. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tengið húsnæðislán við laun frekar en verðbólgu



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Íslenska húsnæðislánakerfið er einstakt í heiminum þar sem meirihluti allra húsnæðislána er tengdur við verðbólguna. Kerfið er ekki sérlega vel liðið á Íslandi, en engu að síður hallast hagfræðingar að því að kerfið hafi sína kosti – sérstaklega að verðbólgan muni ekki, fræðilega séð, skekkja ákvarðanir heimilanna um það hve mikið skal spara og fá lánað.

En kreppan 2008 sýndi greinilega að það voru meiriháttar vandamál tengd þessu kerfi. Kjarni vandamálsins er í raun sá að kerfið er mjög viðkvæmt fyrir því af hverju verðbólgan fer upp eða niður.

Ef verðbólga eykst óvænt vegna

jákvæðs eftirspurnarhnykks í hagkerfinu þá er ekkert meiriháttar vandamál á ferðinni. Ímyndið ykkur til dæmis að létt sé á peningamálustefnunni svo að verðbólga aukist – það myndi sjálfkrafa leiða til þess að húsnæðisskuldur myndu hækka, en þar sem létt hefði verið á peningamálustefnunni myndi atvinna sennilega aukast og launaskrið yrði hraðara og fasteignaverð myndi mjög sennilega einnig hækka. Svo, já, verðbólga af völdum aukinnar eftirspurnar myndi sjálfkrafa valda hækkuð húsnæðisskuldur, en þar sem laun og fasteignaverð hefðu einnig hækkað myndi það að öllum líkindum ekki valda neinum greiðsluerfiðleikum hjá heimilunum.

Ímyndið ykkur nú að íslenska hagkerfið verði fyrir framboðshnykk. Það er til dæmis hækkun á verði á aðföngum (til dæmis olíuverði) eða minnkun á framleiðni. Þetta er auðvitað það sem við sáum 2008. Fall krónunnar olli skarpri verðbólguhækkun, en á sama tíma hrundi eftirspurnin. Afleiðing þessa var að húsnæðisskuldur hækkuðu vegna aukinnar verðbólgu, en um leið hrundi fasteignaverð og það hægði á launa-

Þá tókst mér að ferðast til átta landa í leiðinni. Það var tiltölulega auðvelt að finna flug og þá kviknaði mikill áhugi á ferðamennsku.

hækkunum. Þetta var auðvitað einn helsti þátturinn sem stuðlaði að því að þúsundir heimila lentu í greiðsluþroti.

Tengið húsnæðisskuldur við launavísitölu

Helst vildum við halda góðum eiginleikum kerfisins – að það sé „hlutlaust“ þegar hagkerfið verður fyrir eftirspurnarhnykk, en einnig að tryggja einhvern veginn að framboðshnykkir valdi ekki uppsveiflum og hruni.

Aðferð til að gera þetta er að tengja húsnæðisskuldur við þróun nafnlauna – sem staðgengils fyrir tekjur heimilanna.

Við jákvæðan eftirspurnarhnykk yrðu kerfin tvö nánast eins. Til dæmis myndi slökun á pen-

ingamálastefnu valda því að bæði verðbólga og laun myndu hækka (og sömuleiðis húsnæðisskuldur).

Hins vegar, ef hagkerfið yrði fyrir neikvæðum framboðshnykk, yrði sagan allt öðruvísi. Tökum aftur 2008 sem dæmi. Hnykkurinn olli því að atvinnuleysi rauk upp og verulega hægði á launahækkunum. Ef húsnæðisskuldur hefðu verið tengdar við laun þegar kreppan skall á hefði það valdið „sjálfvirkri“ lækkuð húsnæðisskuldur, sem hefði gert mikið til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum lægri tekna og fallandi fasteignaverðs, og afleiðingin hefði sennilega orðið sú að mun færri heimili hefðu orðið gjaldþrota.

Og ef húsnæðisskuldur hefðu verið tengdar launum í stað verðbólgu fyrir kreppuna þá hefði uppsveiflan sennilega orðið mun minni.

Ef horfið væri frá kerfi verðtrygðora húsnæðislána og kerfi tekjutengdra (eða nafnlaunatengdra) húsnæðislána tekið upp í staðinn gæti það því hjálpað til við að draga úr hættunni sem stafar af uppsveiflum og hruni í íslenska hagkerfinu og minnka áhættuna af bankakreppum framtíðarinnar.

Góðar spurningar – fyrir frábær áramótaheit

hef verið að sýna?

Sama hvort þú ert fyrirtækiseigandi, stjórnandi eða almennur starfsmaður þá skiptir frammi-staða þín í starfi miklu máli. Leggðu meira upp úr skilvirkni og því að ná árangri en bara því að vera mjög upptekinn eða vinna sem lengsta vinnudaga. Virði og framleiðni skiptir miklu máli. Ert þú að skapa virði með verkefnum þínum eða er kominn tími á að endurskóða verkefni og vinnubrögð?

Sýndu ávallt frammistöðu sem

myndi tryggja þér starfið þitt væri það laust til umsóknar.

Tel ég að ég sé orðinn betri starfsmaður en fyrir ári?

Timarnir breytast hratt og allt er í mikilli þróun.

Hversu vel fylgist þú með nýjustu rannsóknum, tækniþróun og vinnubrögðum í þínu fagi? Förstu á einhverja ráðstefnu eða námskeið? Nýttir þú þér markþjálfun? Hvað last þú margar greinar eða bækur á árinu sem tengjast þínu fagi?

Þú þarft að hugsa um eigin þróun. Ef þú ert ekki að þróa þig áfram og með umhverfinu sem þú starfar í þá ert þú að dragast aftur úr.

Er ég vinnufélaginn sem fær alla til að gleðjast þegar ég mæti – eða þegar ég mæti ekki?

Eitt er að ná góðum árangri í starfi sínu en það hvornig vinnufélagi við erum skiptir líka mjög miklu máli, alveg sama hvaða stöðu við gegnum.


Þegar stjórnendur meta sitt starfsfólk þá horfa þeir ekki síður til þess

hvað hver og einn einstaklingur er að gera til að efla heildina. Ert þú tilbúinn til að aðstoða samstarfsfólk þitt? Ert þú með jákvæð viðhorf og lausnamiðaða hugsun? Deilir þú þekkingu og upplýsingum með samstarfsfólki þínu? Sýnir þú samstarfsfólki þínu áhuga og umhyggju?

Flest verjum við um það bil 50% af vökutíma okkar á hverjum sólarhring í vinnunni og jafnvel meiri tíma með vinnufélögum en fjölskyldu. Veldu viðhorf þín vel. Veldu að vera góður vinnufélagi.



Make it matter.



Kipptu kassanum með þér

HP MX-10 kassakerfisláusnin með Intel® Atom™ örgjörva Z2760

G8C31EA, F3K89AA



HP MX-10 kassakerfisláusnin ásamt HP strímlaprentara, stríkamerkjaskanna og peningakassa sem eru seldir aukalega.

Innbyggður stríkamerkjaskanni

Innbyggður kortaskanni

Kynntu þér MX-10 kassakerfisláusnina nánar á www.ok.is/mx10/

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is. Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

 **Opin Kerfi**
- allt er mögulegt

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Gott fyrsta skref

Fjármálaráðherra hefur tilkynnt að hann undirbúi frumvarp um skattaívilnanir til þeirra sem fjárfesta í smærri félögum. Þetta eru góð tíðindi og nokkuð sem líklegt er til að auðvelda aðgengi smærri félaga að fjármagni.

Bjarni þarf ekki að leita langt eftir fyrirmyndum.

Í **Bretlandi** tíðkast svokallaðar EIS-undanþágur. Samkvæmt þeim geta félög safnað fjárfestingu allt að 30 milljónum íslenskum eða þar um bil eftir þeirri leið. Hver einstaklingur getur svo lagt að hámarki 20 milljónir í slík verkefni á ári hverju. Ef EIS leiðin er farin fær einstaklingur þá þegar helming þeirrar upphæðar sem fjárfest er fyrir endurgreidda frá skattinum, og allur hagnaður sem síðar kemur er skattfrjálgs.

Staðreyndin er sú að smærri félög eiga oft erfitt með að safna utanaðkomandi fjármagni. Mörg þeirra komast því væntanlega vart af teikni-borðinu eða liða fljótt undir lok án þess að raunveruleg reynsla sé komin á hugmyndina. Því er nauðsynlegt að búa til umhverfi sem gerir fólki kleift að láta á reyna – af því er samfélagslegur ávinningur.

Hitt er svo annað að í fjárfestingu í sprotafyrirtækjum er fólgin mikil áhætta. Því er ekki út á það að setja að þeir sem taka slíka áhættu fái að njóta ávaxtanna.

Osbourne fjármálaráðherra og félagar í Íhaldsflokknum telja a.m.k. að samfélagslegur ávinningur sé af því að auka aðgengi sprotafyrirtækja að fjármagni, jafnvel þótt það kosti ríkissjóð skatttekjur til skamms tíma.

Skattahagræðið sem fylgir EIS er líka ein af stóru ástæðunum fyrir því að margir frumkvöðlar velja hugmyndum sínum heimavöll í London. Þar hefur enda sprottið upp stórt samfélag frumkvöðla, þrátt fyrir að borgin sé að mörgu öðru leyti í raun fremur óheppileg fyrir litil fyrirtæki sem þurfa að stíga á bremsuna hvað varðar allan kostnað. Leiga er með því hæsta sem gerist í veröldinni, skrifræði sem fylgir stórum borgum stundum þungt í vöfum og vinnuafli dýrt á flesta mælikvarða.

Ísland hefur í þessu samhengi marga góða kosti. Hér er menntað fólk sem þiggur lág laun í stórborgar-samanburði, býr yfir ágætri tungumálakunnáttu og smæðin gerir það að verkum að hlutirnir hreyfast oft hraðar hér á landi en annars staðar.

Ef útfærslan er rétt gæti útspil Bjarna verið ein skrautfjörðin til í hatt Íslands sem frumkvöðlamíðstöðvar. Þar má hins vegar ekki láta staðar numið. Næst mætti t.d. lækka kostnað við að stofna einkahlutfélög, og einfalda umstangið kringum fyrirtækjarekstur.

95 þúsund tonn

HEILDARAFLI ÍSLENSKRA FISKISKIPA JÓKST

Heildaraflí íslenskra fiskiskipa var tæp 95 þúsund tonn í nóvember og jókst um 6,5% milli ára. Fyrstu 11 mánuði ársins 2015 hefur aflinn verið rúm 1.315 þúsund tonn samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það er 21,3% aukning frá sama tímabili í fyrra. Mest vegur aukning landaðs uppsjávarafra.

14% vöxtur

MESTI VÖXTUR KORTAVELTU FRÁ ÁRINU 2007

Kortavelta einstaklinga jókst um 14,1 prósent að raunvirði milli ára í nóvember síðastliðnum. Aukningin á milli ára hefur ekki verið meiri síðan í ágúst á hinu mikla einkaneysluári 2007. Jafnframt var kortavelta Íslendinga í útlöndum umfram kortaveltu útlendinga hér á landi, en slíkt hefur ekki atvikast síðan í desember í fyrra.

14. 12. 15



Enginn hefur staðið jafnöfluglega að því og Björk að koma íslenskum tónlistarmönnum á framfæri. Við okkur blasir árangur þess og það er að skila milljörðum í þjóðarbúið. Björk býr hér og fjárfestir. Hún fær hingað árlega fjölda af heimsfrægu tónlistarfólki sem vinnur hér vikum saman með henni að gerð tónlistar. Björk greiðir skatta hér.

Guðmundur Gunnarsson, faðir Bjarkar Guðmundsdóttur söngkonu



Yaxell hnífur fyrir kröfuharða kokkinn



FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opíð mán - fös 8:30 - 17:00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



BAKKADU UPP VEISLUNA EÐA NÆSTA FUND

JÓLABAKKI

JÓLA!



12 bitar
fyrir 5 manns

Hamborgarhryggur og kartöflusalat. Jólasíldarsalat. Dönsk lífrakæfa, sveppir og beikon.

4.100 kr.

GAMLI GÓDI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur. Rækjusalat.

3.680 kr.

EDALBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix. Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir. Kjúklingur, rautt pestó, syrdur rjómi, paprika, salatmix.

3.680 kr.

LÚXUSBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepsósa. Kjúklingur, egg, lauksósa. Reyktur lax, íssalat.

3.680 kr.

PARTÝBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spinat. Fetaostur, rauðlaukur, spinat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spinat, lauksósa.

4.100 kr.

VEISLUBAKKI



30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat. Tikka masala kjúklingur, íssalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

4.100 kr.

ÁVAXTABAKKI



40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

2.800 kr.

DESERTBAKKI



50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi. Kókostoppur með súkkulaði.

2.270 kr.

KÖKUBAKKI



24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi. Gulrótarkaka með rjómaostakremi. Eplakaka með kanilkeim.

3.300 kr.

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í
síma 565 6000
eða á somi.is.



Ferskt á hverjum degi

TÍMAMÓT



Elskulega dóttir okkar, systir, barnabarn, barnabarnabarn og frænka,

Thelma Ósk Þórisdóttir

lést á Barnspítala Hringins, 7. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, 18. desember kl. 13.00.

**Hjördís Ragnarsdóttir
Sigurveig Björnsdóttir
Ágúst Eiríksson
Margrét Traustadóttir
Þórir G. Ágústsson**

**Björgvin Gíslason
Ragnar Tómasson
Erla Sigurgeirsdóttir
Gísli Freysteinnsson
Jónína Aðalsteinsdóttir**

Blása inn jólin með djössuðum jólalögum

Jazzklúbburinn Múlinn lýkur haustdagskrá sinni með veglegum jóladjasstónleikum.

Það er komið að síðustu tónleikum haustdagskrár Jazzklúbbsins Múlans sem fram fara í kvöld. Haustdagskrá Jazzklúbbsins hefur staðið yfir frá september með vikulegum tónleikum í Hörpu.

Múlakvintettinn kemur fram og blæs inn jólin með jólalögum í skemmtilögum útsetningum í bland við annað efni. Meðlimir hljómsveitarinnar eru, Haukur Gröndal og Ólafur Jónsson sem leika á saxófóna, píanóleikarinn Gunnar Gunnarsson, Þorgrímur Jónsson sem leikur á bassa og trommuleikarinn Scott McLeMore.

Múlinn mun þó snúa aftur á nýju ári með spennandi dagskrá í Hörpu.

Múlinn er á sínu 19. starfsári en hann er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Múlinn er styrktur af Reykjavíkurborg og Tónlistar-



Haukur Gröndal og Ólafur Jónsson blása inn jólin í kvöld ásamt hljómsveit.

sjóðnum og er í samstarfi við Heimstónlistarklúbbinn og Hörpu.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00

og fara fram á Björtuloftum, 5. hæð Hörpu. Miðar fást í miðasölu Hörpu, harpa.is og tix.is.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Róbert Örn Alfredsson

lést á Landspítalanum sunnudaginn 13. desember. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.00.

**Ingimar Alfreð Róbertsson
Sara Rún Róbertsdóttir
Matthías Hjörtur Hjartarson**

**Hjördís Bragadóttir
Kristinn Ingi Hrafnsson
Róbert Hrafn Kristinsson**



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Ragnars Sigurðar Bergmanns Benediktssonar

Barkarstöðum, Miðfirði, Húnaþingi vestra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Hvammstanga fyrir hlýju og nærgætni við umönnun hans.

**Karl Georg Ragnarsson
Ásta Pálína Ragnarsdóttir
Jenný Karólína Ragnarsdóttir
Margrét Halla Ragnarsdóttir
Benedikt Ragnarsson
Helga Berglind Ragnarsdóttir
Álfheiður Árdal**

**María Rós Jónsdóttir
Magnús Sverrisson
Hilmar Sverrisson
Jón Gunnarsson
Jóhanna Helga Þorsteinsd.
Sigmar Benediktsson
Jakob S. Friðriksson
og fjölskyldur þeirra.**



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ketill Kristjánsson

Lautasmára 3, Kópavogi,

lést á Landakoti 10. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 18. des kl. 13.00.

Ingibjörg Einarsdóttir

**Bergur Ketilsson
Guðrún B. Ketilsdóttir
Ingibjörg Ketilsdóttir
Kristján Ketilsson
Einar Ketilsson
Sigmar Þór Óttarsson**

**Gunnur S. Gunnarsdóttir
Kristófer Einarsson
Michele Y. Ketilsson
Helga Konráðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær systir okkar, amma og langamma,

Unnur S. Óskarsdóttir

lést þann 7. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 18. desember kl. 10.30.

**Oddný S. Óskarsdóttir
Kristján Guðmundur Óskarsson
Rebekka Unnur
Telma Glóey
Áróra Kristín**



Ástkær systir mín,

Gerður Helga Hjörleifsdóttir

verslunarstjóri,
Þórsögðu 23,

lést á hjúkunarheimilinu Hrafnistu Reykjavík, þann 13. des. síðastliðinn. Útförin verður gerð frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. des. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hjartavernd.

**Fyrir hönd aðstandenda,
Ásgeir Hjörleifsson**



Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Maríu Ásbjörnsdóttur

Borgarbraut 65a, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Jónína K. Eyvindsdóttir
Drífa Eyvindsdóttir**

Magnús Kristjánsson

ömmu- og langömmubörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Bergþóra Jónsdóttir

frá Fáskrúðsfirði,
Krosseyrarvegi 8, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi 7. desember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu minnst hennar er bent á Hjartavernd.

**Björn Kristmann Guðmundsson
Jón Guðmundsson
Jóna Jónsdóttir
Erna Jóhannsdóttir
Helga Jóhannsdóttir**

Erla Eyjólfsdóttir

og ömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.



Ástkær móðir mín,

Þórdís Bjarnadóttir

áður til heimilis í Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkunarheimilinu Grund laugardaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

Hildur Sveinbjörnsdóttir



Ástkær föstur móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Kristín Sumarliðadóttir

Hraunbæ 140, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 7. desember, verður jarðsöngin föstudaginn 18. desember kl. 15.00.

**Sigurgeir Ernst
Viktória Sigurgeirsdóttir
Unnur Kristín Sigurgeirsdóttir
Róbert Eli Jónsson**

**Birna Baldursdóttir
Jón Ingiberg Jónsteinsson
Óskirð Jónsdóttir**



Elsku móðir mín,

Jessica Sigurjónsson

Hraunbæ 174,

sem lést þann 11. desember verður jarðsett frá Landakotskirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 15.00.

Jósef Natan Ólafsson



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Einarsdóttir

sem lést þriðjudaginn 8. desember, verður jarðsöngin frá Langholtskirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Þorsteinn Ólafsson
Einar Ólafsson**

**Helga Hallbergsdóttir
Guðbjörg Sveinsdóttir
börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

JÓLA- OG ÚTSKRIFTARGJAFIR

25%
AFSLÁTTUR
AF SAMSONITE OG
AMERICAN TOURISTER
FERÐATÖSKUM*
16.-21.
DESEMBER

Sams^onite



*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir meðan birgðir endast. Vöruval er mismunandi eftir verslunum.


A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest.com/A4fondur](#) og [instagram.com/a4verslanir](#)

A4

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Fremur hæg austlæg átt í dag, skýjað og úrkomulítið víðast hvar á landinu, en lengst af bjart norðanlands. Snýst í vaxandi norðaustanátt í kvöld með eljum um nóttina. Hiti um og yfir frostmarki, en yfirleitt frost norðaustanlands.

Fimmtudagur

| | | |
|----------------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|
| Reykjavík 3° ↙ 7 | Ísafjörður -1° ↙ 17 | Akureyri 1° ↙ 10 |
| Egilsstaðir 1° ↙ 12 | Kirkjubæjarkl. 3° ← 10 | Hveravellir 0° ← 16 |

Föstudagur

| | | |
|----------------------------------|------------------------------------|----------------------------------|
| Reykjavík 2° ↖ 12 | Ísafjörður -3° ← 12 | Akureyri -4° ← 6 |
| Egilsstaðir -2° ↓ 8 | Kirkjubæjarkl. 1° ↙ 3 | Hveravellir -3° ↖ 8 |

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- berjast
 - skammstöfufun
 - vefnaðarvara
 - fæðu
 - frú
 - ópurft
 - deyfa
 - í röð
 - dorma
 - loga
 - tveir eins
 - brýna
- LÓDRÉTT**
- tílauna-upptaka
 - tveir eins
 - ef til vill
 - for
 - velmegun
 - mál
 - fugl
 - fiska
 - hláku
 - tveir eins

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | | 20 |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT: 2. eyja, 6. eh, 8. tau, 9. mat, 11. fr, 12. ógað, 14. síæva, 16. þæ, 17. sef, 18. eia, 20. lí, 21. yfda. LÓDRÉTT: 1. demó, 5. tí, 4. fjarfvel, 5. aur, 7. hæð, sæld, 10. tal, 13. gæs, 15. afha, 16. þey, 19. dd.

Skák Gunnar Björnsson

Benjamin Bok (2.594) átti leik gegn Tim Rogers (2.075) í London fyrir skemmstu.

Hvítur á leik
13. Rc5! axb5 14. Rxb7. 14.... Db6 dugar skammt vegna 15. Rd6+ Kd8 16. Rxf7+ Kc8 (16.... Ke8 17. Rd6+ Kd8 18. Rxe6#) 17. Rxh8 og riddarinn sleppur aftur út. Svartur reyndi 16.... Rxe5 17. Rxd8 Hxd8 en tapaði skömmu síðar. www.skak.is Björn hraðskák-meistari Garðabæjar.



Sudoku

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 5 | 1 | | | | | |
| 4 | 7 | 8 | 6 | | | | | 1 |
| | | 6 | | 4 | 8 | 9 | | |
| | 6 | 4 | | 2 | | | 1 | |
| | 9 | | 7 | 5 | 4 | 3 | | |
| 7 | | | 1 | 6 | 9 | | 8 | |
| | | 5 | | | | | | 9 |
| | 4 | | | | | 6 | | |
| 2 | | 1 | 3 | | 5 | | 7 | |

MIDLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | | | | | 1 |
| 6 | | | 1 | 4 | | | 3 | |
| | 3 | 2 | | 6 | 8 | | | 4 |
| 2 | | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 8 | 1 | | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | 6 | |
| | | 7 | 8 | | | | | 6 |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| | | | 3 | 9 | 2 | | | |

PUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 7 | | | | | 8 |
| | | 5 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | | | | 6 |
| | 4 | 8 | | | | | 7 | 5 |
| 2 | | 7 | | | | | | |
| 5 | 6 | | | 1 | | 8 | | 4 |
| | | 4 | | | | 5 | | |
| 6 | | | 2 | | | 1 | | 8 |
| | 2 | | | | 4 | | 3 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 5 | 9 | 6 | 3 | 2 | 7 |
| 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 |
| 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 1 | 4 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 4 | 3 | 2 | 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 |
| 6 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 5 | 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 6 |
| 7 | 8 | 5 | 9 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 6 | 3 | 9 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 8 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 | 9 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 9 | 1 | 7 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 | 4 | 2 | 7 |
| 8 | 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 | 1 | 8 | 3 |

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN




BARNALÁN



Mikael með magnaða bók

★★★★★ Fréttablaðið
★★★★★ Stundin



2. BOKSÖLU LISTINN
Ævisögur
01.11.-22.11.2015

3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Vikan 28.10-3.11.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



PHILIPS

Philips 48PFT5500
48" Smart LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080 upplausn. Pixel Plus HD. DualCore örgjörvi. 200 Hz Perfect Motion Rate. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/ T2 móttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.



JÓLATILBOÐ
99.995
FULLT VERÐ 112.995




Rannsóknir gerðar af Karolinska Institute sýnir að Lightair kemur í veg fyrir útbreiðslu vírusa.

LIGHTAIR

Lightair LAIFSU2
Evolution loftreinsitæki sem hreinsar loft með jónatækni. Eyðir ryk og lykt s.s frá sigarettum. Getur hindrað influensu og vírus smit. Hreinsar allt að 50m2 rými. Hljóðlaus og án síu.



VERÐ
59.995
FRÁBÆRT VERÐ



Fjórir litir!
KENWOOD

Kenwood TTM020RD
2ja sneiða Kmix brauðrist. 900w. Peek & view gluggi. Extra stórar og breiðar raufar. Endurhitun og afþýðingar stillingar. 7 tímastillingar. Mylsnubakki. Burstað stál.

VERÐ
12.995
FRÁBÆRT VERÐ



Þrír litir!



SodaStream 4312750880
SodaStream Genesis Titan tæki. 1L flaska fylgir. Kolsýruhyli dugar fyrir allt að 60L. Kolsýruhyli fylgir.

JÓLATILBOÐ
12.995
FULLT VERÐ 14.995



Karaffla og glös fylgja!

Wilfa BL1200
1200w Wilfa Knus S blandari með 1.8L glerkönnu. Stiglaus hraðastillir og púls. Losa má hnifa og hreinsa. Gúmmitappar. Stál.



VERÐ
17.995
FRÁBÆRT VERÐ



2 litir, hvítur eða stál.

SHARP

Sharp R642INW
800W örbylgjuofn með 1000W grilli. 20 lítrar. 25,5 sm diskur. 8 eldunarstillingar og afþýðing samkvæmt þyngd. Barnalæsing.

VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ



KAFFIVÉLAR Á JÓLATILBOÐI

YFIR 30 TEGUNDIR AF KAFFI

2kg af Quality Street fylgir!
- meðan birgðir endast.



Hurom HBSILVER
Slow Juicer safapressa fagfólksins. Hljóðlát og öflug. Skilar tærum safu með hámarksnýtingu hráefnis. Pressar ávexti, grænmeti, hveitigras, hnetur og soyjabaunir.



VERÐ
44.995
FRÁBÆRT VERÐ

Philips XL3001C
Þráðlaus DECT sími með HQ-Sound og 1,9"baklýstum LCD skjá. Handfrjál. Stórir takkar. 50 nöfn í skrá. Endurval í 20 númer. Númerabirtir með 20 númer. 16 klst. í notkun og 250 í bið. Polyphonic hringitónar.



JÓLATILBOÐ
5.995
FULLT VERÐ 9.995

PHILIPS

Philips SHB9150
Þráðlausri NFC Bluetooth heyrnatól með Neodymium hátölurum og púðum gerðir úr leðri. Li-ion rafhlaða endist allt að 9 klst. Má tengja með snúru. USB snúra fylgir.



JÓLATILBOÐ
15.995
FULLT VERÐ 19.995



Má festa á vegg!



Philips B5
Fidelio Surround SoundBar heimabíó. 120w RMS magnari og 90W þráðlaus bassahátalari. Dolby Digital, Pro Logic II og DTS. aptX Bluetooth með NFC. Virtual Surround Sound. Double Bass.

PHILIPS
VERÐ
149.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS BLUETOOTH HÁTALARAR Á JÓLATILBOÐI







PHILIPS
Bluetooth

OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA
12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

Heimilistæki ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT



JÓLABÆKURNAR



Gildir út 17. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrenslu. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.




EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamið Skilamiði
Þessi vara er keypt Hagkaup og hefur skilað eða skipt. Hagkaup er skipt. Hagkaup er skipt. Hagkaup er skipt.


Í MIKLU ÚRVALI



ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM.



4.799KR



4.999KR



4.999KR



4.499KR



3.399KR



4.999KR




3.399KR



4.999KR



3.399KR



4.999KR



2.299KR



2.899KR



11.999KR



2.199KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Venjulegur alþýðumaður í óvenjulegum aðstæðum

Munaðarleysinginn, örlagasaga Matthíasar Bergssonar, var skráð af Sigmundi Erni Rúnarssyni og hann segir Matthías eiginlega vera Forrest Gump Íslands enda á hann að baki fádæma litríkt lífshlaup.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Óvenjulegt og ævintýralegt lífshlaup hefur ósjaldan ratað í ævisögur. Oftar en ekki er þó um að ræða frásögur þekktra stórmenna, karlanna sem skrifa söguna, en Munaðarleysinginn, örlagasaga Matthíasar Bergssonar, er ekki þannig saga. Matthías er alþýðumaður með þunga og erfiða æsku án baklands og móðurástar á sínum mótunarárum og það var meðal þess sem heillaði Sigmundi Erni Rúnarsson sem skráði sögu Matthíasar.

Móðurástin

Sigmundur segist hafa frétt af þessum manni og ekki trúað hálfu af því sem hann hafi sagt. „Í raun ekki fyrr en hann leiddi okkur sjálfur í allan sannleika um hvernig ævi hann hefði lifað. Matthías kom hingað til lands fyrir þremur árum eftir fjórutíu og fimm ára rússíbanareid um allan heim, hafandi verið í Ástralíu, Japan, Havái og um þver og endilöng Bandaríkin þar sem hann var meðal annars í bandarískum hernum og lenti í ótal ævintýrum.

En það sem heillaði mig mest var þessi dramatíski hluti ævisögunnar. Þetta er eiginlega samfelldur óður til móðurástarinnar sem mér sýndist eftir að ég var búinn að skrifa bókina að sé kannski sterkasta kenndin í okkur. Ef maður tapar móður sinni á unga aldri þá reynir maður að finna hana í öllum konum sem verða á vegi manns. Það var raunin hjá Matthíasi því hann sá ekki mömmu sína í tíu ár, frá því var hann sjö til sautján ára, þessi mótunarár sem eru einhver viðkvæmasti aldur lífsins. Þannig að þessi bók er annars vegar gríðarleg dramatík og hins vegar ótrúlegt ævintýri. Og ég held að þessi bók standi undir nafni með að þarna sé Forrest Gump Íslands á ferð.

Einlægni og heiðarleiki

Matthías var einhvern veginn alltaf á réttum stað á réttum tíma innan um frægasta fólk. Og fylgir í raun mannkyns- og Íslandssögunni með fremur augljósum hætti. Hann jafnvel lendir í því þegar hann lendir í Keflavík, í eitt af þessum örfáu skiptum sem hann kom hingað á þessum útvistarárum, að eitt það fyrsta sem hann gerir eftir að hann er kominn út í bil er að bílnum er ekið yfir á hægri akreini. Þannig að hann hitti á daginn þegar við vorum að breyta umferðinni. Þetta er á einhvern hátt alveg dæmigert fyrir kallinn.

En svo þar sem mér þykir svo vænt um hann þá vil ég segja að þetta er þessi venjulegi alþýðumaður sem lenti svo oft í óvenjulegum aðstæðum. Það eru að mörgu leyti skemmtilegustu ævisögurnar sem eru að verða til í dag. Þessi hefðbundna viðtalsbók við fræga manninn er soldið að fjara út því við vitum orðið allt um þann mann sem heldur alltaf ákveðnum fronti að okkur. En svona fólk, það þarf ekki að halda neinum fronti að okkur, það bara opnar hjarta sitt og segir sína sögu.“

Sigmundur Ernir segir að það leyni sér ekki á viðtökunum að það sé í seinni tíð miklu meiri áhugi á alþýðufólki. „Ég tók sérstaklega eftir því eftir hrun haustið 2008 þegar ég sendi frá mér bókina um Magneu, algjörliga óþekktu konu. Þessi bók seldist í bílförnum því fólk var kannski búð að fá nóg af þessari upphafningu og stærilæti. Vildi bara kynna venjulegu fólk og þráði einlægni og heiðarleika.“

Kvennasaga og æskuástin

Sigmundur Ernir hefur á orði að það hafi verið sérstakt og skemmtilegt ferli að skrifa bókina um Matthías. „Hann býr á Patreksfirði þar sem hann komst til manns eftir að hann fann pabba sinn. Þannig að ég fór vestur og það var dásamlegt að vera þar í þeim fjallasal og svo tók ég mig til og fór til Bandaríkjanna til þess að skrifa því sagan gerist líka þar að miklu leyti. En það var bara svo gaman að skrifa þessa bók. Það er misjafnlega gaman að skrifa en þarna var maður bara sláandi sér á lær og skelli hlæjandi við skriftirnar. Það er líka svo gaman að skrifa sögu venjulega fólksins.“

Það kemur mörgum á óvart að þetta er mikil kvennasaga, en ég hef verið talsvert í því síðustu ár að skrasetja sögur kvenna, en það er vegna þess að Matthías er alltaf að leita að mömmu sinni í öllum konum. Mér finnst mjög gaman að færa þann hluta Íslandssögunnar til bókar því sú saga sem mín kynslóð lærði var bara mynd af kalli með yfirvaraskög og bindi og hann réð alveg rosalega miklu. En það hefur alltaf gleymst að skrifa stærsta hluta Íslandssögunnar sem er drifinn áfram af konum. Konum sem sáu um samfélagið, uppeldi kennslu og heimilinn og voru límið í samfélaginu. Þannig finnst mér Íslandssagan kolvitlaust skráð.

Þannig var það líka kona, æskuástin, sem dró Matthías aftur hingað heim. Málið var að rétt í þann mund sem hann fann mömmu sína úti í Bandaríkjunum þá er hann búinn að kynna æskuástinu og verður að velja á milli æskuástarinnar og móðurástarinnar. Hann var búinn að leita svo lengi að móðurástinu að hann valdi hana. Fjórutíu og fimm árum seinna þegar hann er búinn að fara um hæstu hæðir og dimmustu dali, er illa farinn af læknaðopi, drykkju og neyslu og dóttir hans búin að taka hann heim til sín og reyna að koma honum aftur til manns, þá dregur enn til tíðinda. Hann sér á Facebook, sem hann vissi ekki einu sinni að væri til, nafn Heiðu, konunnar sem hann hafði leitt um ástarlund fyrir tæplega hálfri öld. Þau byrja að tala saman og það kemur í ljós að hún er orðin ekkja og þau eru saman í dag. Þetta er gagnað.“



Sigmundur Ernir Rúnarsson rithöfundur hafði ákaflega gaman af því að skrasetja sögu Matthíasar Bergssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Camerarctica
Mozart við kertaljós
Mozart by candlelight
Kammertónlist á aðventu 2015

Hafnarfjarðarkirkju laugardag 19. des. kl. 21.00
Kópavogskirkju sunnudag 20. des. kl. 21.00
Gardakirkju mánudag 21. des. kl. 21.00
Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudag 22. des. kl. 21.00

Míðasala við innganginn, miðaverð kr. 2.500/1.500

Styrki af Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og Garðabæ



Matthías árið 2012, að byrja að fíkra sig upp frá botninum í lífi sínu.



Matthías í herþjálfun fyrir Vietnam 1969.



Skipstjóri á humarveiðum við Havái 1985.

BEOLIT 15 | A2



BEOLIT 15: kr. 85.000
A2: kr. 62.000

H2




kr. 33.000

H6



kr. 66.000

A6



kr. 169.000

A9



kr. 365.000

JÓLAGJÖFIN Í ÁR
Tær og einstakur hljómur með BANG & OLUFSEN.



BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

15% AFSLÁTTUR

ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT

ELEGANTE RÚMFÖT - JÓLASENDINGIN KOMIN

22.015 KR.
25.900 KR.

STILLANLEGT RÚM

Tvær Infinity heilsudýnur,
90 x 200 cm.

VERÐ FRÁ

581.500 KR.



JÓLATILBOÐ

SERTA DELUXE
HEILSURÚMVERÐDÆMI: 160 x 200 cm.
með hlífðardýnu og laki.

169.000 KR.*

213.200 KR.



* Aukahlutur á mynd: höfuðgaff

FÁANLEGT Í STÆRDUNUM
120/140/160/180/192 X 200 CM.

TEMPUR ORIGINAL

Þessi veitir góðan stuðning.
Hentar vel þeim sem sofa á hlið.

18.900 KR.



TEMPUR CLOUD COMFORT

Tilvalinn fyrir þá sem vilja Tempur stuðning en mýktina líka.

24.875 KR.

DÁSAMLEG JÓLAGJÖF
FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

HEILSUINNISKÓR

Heilsuinniskórnir sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um hann. Komnir aftur!

3.900 KR. 1 PAR

6.980 KR. 2 PÖR

9.900 KR. 3 PÖR

Beta
BAKFAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tryggu þér áskrift á 365.is

365.is | Sími 1817

365

Er enginn eyland?

BÆKUR

Leiðin út í heim

★★★★★

Hermann Stefánsson

Útgefandi: Sæmundur
Fjöldi síðna: 90

Það er varla hægt að fjalla um bók Hermanns Stefánssonar Leiðin út í heim án þess að nefna tengsl hennar við barnabókina Palli var einn í heiminum (1942) eftir danska höfundinn Jens Sigsgaard. Bók Hermanns er, eins og komið hefur fram, eins konar fullorðinsútgáfa af barnabókinni þar sem upprunalega sagan er grunnur að þeirri nýju. Endurritanir sem þessar eru, ef þær eru vel heppnaðar, hins vegar sjaldnast einfaldar endurgerðir. Þær eru alltaf í aðra röndina túlkun á fyrri verkinu og aðlögun t.d. að nýju markmiði, bókmenntalegri stöðu eða samtíma endurritunarinnar.

Hermann fylgir söguþræði barnabókarinnar nokkuð nákvæmlega eftir, a.m.k. framan af. Lýsingar hans á söguheiminum eru líka að miklu leyti byggðar á myndum Arne Ungermann sem prýddu bók Sigsgaard. Þessar myndir eru stór hluti af upplifun lesenda á sögunni og Hermann notar nákvæmar lýsingar á þeim oft til að fjalla um þætti sem barnabókin gefur aðeins í skyn eða tæpir á.

Í raun má segja að í upphafi sé textinn fyrst og fremst frekar lágstemmd og nákvæm lýsing á myndum barnabókarinnar, en eftir því

sem á liður verða þælingar sögu-manns fyrirferðarmeiri, Hermann bætir meiru inn í atburðarásina og stillinn verður ýktari og orðgnóttin meiri.

Palli, en svo heitir sögupersóna Hermanns líka, er mjög óljós persóna og virðist aðallega vera leið til að fjalla um heimspekilegar, pólitískar og tilvistarlegar spurningar heldur en eiginleg sögupersóna. Við vitum í raun afskapleg lítið um hann. Hann er á öræðum aldri, ekki barn en varla fullorðinn heldur. Hann býr hjá mömmu og pabba og það sem hann tekur sér fyrir hendur þegar hann er einn í heiminum er nokkurn veginn það sama og fyrirmyndin. Það er kannski ekki fyrir en í seinni hluta bókarinnar að langanir hans og athafnir endurspeglar þær fullorðinsmanns.

Það sem gerir þetta verk að vel heppnaðri endurritun er að það er ekki bara persónan og atburðarásin sem Hermann endurskapar heldur tekur hann hugmyndir sem eru í upprunalega verkinu og vinnur áfram með þær, flækir, gerir margbrotnari og ummyndar. Palli

var einn í heiminum spyr tilvistarlegra spurninga en Hermann notar ekki bara þær augljósu, þörf mann-skjunnar til að vera ein og jafnframt eiga samneyti við annað fólk, heldur notar söguna til að fjalla um mun fjölbreyttari efni.

Það er af nógu að taka en sumar þælingarnar eru betur útfærðar en aðrar. Tvískipting sjálfins, ein-manaleg staða manneskjunnar í

heiminum, innra og ytra eftirlit, aðskilnaðurinn frá móðurinni og móttun sjálfins eru nokkur dæmi um þær hugmyndir sem sögu-maður tæpir á í þessari bók. Ég hefði þó viljað sjá Hermann ganga lengra í að útfæra hugmyndirnar og flétta enn frekar inn í söguþræðinn. Þegar hann gerir það, eins og til dæmis þegar hann bætir tvífaru

Palla inn í söguna, þá gefur það verkinu meira sjálfstæði frá fyrirrennara sínum og þar með meira vægi. Endurritanir þurfa að vera sín eigin listræna heild og þegar best tekst til þá er verk Hermanns það.

Ásdís Sigmundsdóttir

NIÐURSTADA: Áhugaverð endurritun á þekktari sögu sem tekur á stórum spurningum.

Ómurinn að ofan

TÓNLIST

Einsöngstónleikar

★★★★★

Margrét Hannesdóttir flutti tónlist við Bibliútexta á 200 ára afmæli Bibliúfélagsins. Með henni lék Hólmfríður Sigurðardóttir á piano.

Dómkirkjan

Föstudaginn 11. desember

Davíðssálmarnir eru til sem popplög og alvarlegri tónsmíðar. Nefna má By the Rivers of Babylon með Boney M sem varð afar vinsælt. Textinn er úr biblíunni, þetta er Davíðssálmur nr. 137. Margar fleiri melódir hafa verið samdar við sálminn. Þar á meðal er eitt af biblíuljóðum tékkneska tónskáldsins Dvoráks. Hann var á efnisskránni á tónleikum sem voru haldnir á föstudagskvöldið.

Ung söngkona kvaddi sér þar hljóðs. Þetta var Margrét Hannesdóttir sópran, sem ég kannaðist ekkert við. Með henni lék Hólmfríður Sigurðardóttir á piano. Tónleikarnir voru óvenjulegir að því leyti að ekki aðeins tóður Davíðssálmur, heldur líka allur annar texti var úr biblíunni. Það var einnig sérstakt að þeir voru haldnir í Dómkirkjunni. Nú veit ég ekki hvort þetta voru debúttónleikar Margrétar, en í hugann koma upp margir betri staðir fyrir svo mikilvæga stund. Hljómburðurinn í Dómkirkjunni er ansi þurr fyrir einsöngstónleika.

Staðsetningin og textinn var þó viðeigandi fyrir tilefnið. Þetta var nefnilega lokahnykkurinn á 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags. Afmælinu var fagnað með ýmsum hætti á árinu og nú var komið að þeim síðasta. Á dagskránni var tónlist eftir fyrrnefndan Dvorák, sem og Pál Ísólfs-son, Händel, Vaughan Williams og Mozart.

Pianoleikurinn var allan tímann pottþéttur. Og Margrét er greini-



Margrét Hannesdóttir söngkona og Hólmfríður Sigurðardóttir pianoleikari.

lega efnileg söngkona. Röddin er sérstök, hún er á sópransviðinu, en hefur þó blæ dýpra sviðs. Það er léttur mezzókeimur af henni.

Frammistaðan á tónleikumunum var víða áhrifamikil, en var engu að síður nokkuð ójöfn. Það má væntanlega rekja til reynsluleysis og taugaóstyrks. Rejoice Greatly úr Messíasi eftir Händel og Watchful's Song nr. 1 eftir Vaughan Williams voru fremur ófókuseruð. Raddbeitingin var flöktandi og nakinn hljómburðurinn í Dómkirkjunni hjálpaði ekki til. En annað var miklu betra. Söngvar úr Ljóðaljóðunum eftir Pál Ísólfs-son voru tilkomumiklir og sannfærandi, sérstaklega síðari löginn.

Þá virtist Margrét vera komin á fullt skrið.

Alleluia úr Exultate, jubilate eftir Mozart var glæsilegt, hin hröðu nótnahlaup upp og niður tónsviðið voru áreynslulaus og tær, þrungin gleði. Best af öllu voru samt hin áðurnefndu Biblíuljóð eftir Dvorák. Þau voru stórbrotin. Túlkunin var svipsterk og tækni-lega séð var söngurinn öruggur og fagaður. Röddin var fallega ávöl en þó hnitmiðuð. Það var magnað. Ég hlakka til að heyra meira með Margrétu er fram líða stundir. Jónas Sen

NIÐURSTADA: Söngurinn var misjafn, en ákaflega fagur þegar best tókst til.

Hin litríku líparítfjöll í Kærleikskúlunni

Allt frá árinu 2003 hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra staðið að útgáfu Kærleikskúlunnar og eru kúlurnar því orðnar þrettán talsins. Frá upphafi hafa kúlurnar fengið frábærar viðtökur landsmanna enda um að ræða einstakt safn listaverka eftir marga þekktustu listamenn okkar Íslendinga. Ófa heimilin hafa safnað kúlunum frá upphafi og eru þær víða orðnar eitt helsta jóladjásn heimilisins.

Kærleikskúla ársins ber heitið Landslag og er eftir listakonuna Rögnu Róbertsdóttur. Ragna er meðal helstu myndlistarmanna

Íslendinga og hefur starfað að list sinni hérlandis síðan snemma á 8. áratugnum. Verk hennar hafa verið sýnd afar víða, m.a. í öllum helstu söfnum og sýningarsölum á Íslandi en einnig hefur hún sýnt víða erlendis. Hún var tilnefnd til Carnegie-verðlaunanna árið 2012 og einkasýning hennar Kynngikraftur á Kjarvalsstöðum árið 2004 er talin ein af áhrifameiri sýningum safnsins.

Ragna hefur oft verið sögð „landslagslistamaður“. Verk hennar eru þó ekki myndir af landslagi heldur færir hún lands-

lagið sjálft inn í sýningarrými og einkaheimili. Hún vinnur verk sín úr náttúruefnum, sem hún safnar yfirleitt saman á gönguferðum sínum um Ísland. Helst dregst hún að eldfjöllunum, krafti þeirra til umbreytingar, afbyggingar og uppbyggingar, sem eru manneskjunnar yfirsterkari.

Við gerð Kærleikskúlunnar notaðist Ragna við sjálflýsandi plastagnir sem hún notar sem ták fyrir hin litríku íslensku líparítfjöll og sláandi litadýrð þeirra sem orsakast af háu steinefnamagni og samspili þess við birtuna. – mg



Ragna Róbertsdóttir myndlistarkona með Kærleikskúlu SLF þessi jólin.



Kammerhópurinn Camerartica heldur víða tónleika á næstunni.

Leika Mozart við kertaljós víða í kirkjum nú fyrir jólin

Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin. Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í tuttugu og þrjú ár og þykir mörgum ómissandi að koma úr miðri jólaósinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu.

Hópurinn skipa að þessu sinni þau Ármann Helgason klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórs-son sellóleikari ásamt góðum gesti, Einari Jóhannessyni sem leikur á eitt af uppáhaldshljóðfærum Mozarts, bassethornið.

» AÐ VANDA LÝKUR ÖLLUM-TÓNLEIKUNUM AFSKAPLEGA HÁTÍÐLEGA OG GLAÐLEGA MEÐ ÞVI AÐ CAMERARTICA LEIKUR JÓLASÁLMINN Í DAG ER GLATT Í DÖPRUM ÚR HJÓRTUM ÚR TÖFRAFLAUTUNNI EFTIR MOZART.

Á efnisskránni í ár eru Kvintettar fyrir klarinettu, bassethorn og strengi, Allegro úr Divertimento fyrir strengi og Kvartett fyrir klarinettu og strengi.

Einnig syngja tveir ungir söngvarar, þeir Björn Ari Örvarsson og Tryggvi Pétur Ármannsson, Ave Maria úr Così fan tutte. Að venju lýkur tónleikunum á því að Camerartica leikur jólasálminn góða, í dag er glatt í döprum hjórtum, sem er úr Töfraflautunni eftir Mozart.

Tónleikarnir verða í Hafnarfjarðarkirkju laugardagskvöldið 19. desember, í Kópavogskirkju, sunnudagskvöldið 20. desember, í Garðakirkju mánudagskvöldið 21. desember og loks í Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudagskvöldið 22. desember.

Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast þeir allir klukkan 21.00. Aðgangseyrir er 2.500 krónur og 1.500 krónur fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt er inn fyrir börn. Miðasala við innganginn.

– mg

Fyrir gleðistundir jólanna

EITTHVAÐ VIÐ ALLRA HÆFI MEÐ JÓLAÍSNUM FRÁ EMESSÍS

emmessís
Rjúminn í ísnum

SAMBÍÓINN NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞAD MARGBORGAR SIG

JÓLAMyndIN 2015
Stærsti kvikmyndaviðburður allra tíma.

STAR WARS THE FORCE AWAKENS

Nætur sýningar í Álfbakka og á Akureyri

| ÁLFABAKKA | EGILSHÖLL |
|---|---|
| STAR WARS 3D KL. 0:01 (UPPSELI) - 3 - 6 - 9 | STAR WARS 3D KL. 0:01 (UPPSELI) |
| STAR WARS 2D KL. 0:01 (UPPSELI) - 4 - 7 | STAR WARS 2D KL. 0:01 (UPPSELI) |
| STAR WARS 2D VIP KL. 0:01 (UPPSELI) - 3 (UPPSELI) - 6 (UPPSELI) | LOVE THE COOPERS KL. 17:40 - 20 - 22:20 |
| LOVE THE COOPERS KL. 17:30 - 20 - 22:10 | IN THE HEART OF THE SEA 2D KL. 17:30 - 20 - 22:20 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D KL. 18 - 20:40 | GÓÐA RISAEDLAN IS.TAL. 2D KL. 17:30 |
